ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan

MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTANNA – LENÍNISTANNA 2.tbl.3.árg.1974

VERÐ: 40 kr.

STÉTTSVIKARARNIR ÞORÐU EKKI AÐ MÆTA KOMMÚNISTUNUM

EFTIR FJÖGURRA MÁNAÐA SAMNINGAMAKK ASÍ OG VSÍ: KJARASKERÐING!

Hinar "löngu og ströngu" vökunætur ASÍ-forystunnar hafa ekki fært verkalýðnum neinar kjarabætur. Sú staðreynd blasir nú við, að loknum þessum samningum, að verkalýðurinn fær að axla enn þyngri byrðar þeirrar dýpkandi kreppu, sem íslenska auðvaldið á í. Gengisfellingar, vöruverðshækkanir og vísitölufalsanir eru meðal aðferðanna sem auðvaldið notar til þess að ná aftur þeim gervilaunahækkunum, sem ASÍ-forystan semur um. Auðvaldsþjóðfélagið hefur ekkert að bjóða verkalýðnum annað en launaþrældóm.

Samningarnir eru milli ASÍ-forystunnar og auðvaldsins.

Venjulegur verkamaður hefur ekkert að segja um framkvæmd og gerð samninganna. Hann fær aðeins að velja á milli þess hvort hann samþykkir kjaraskerðingarsamninga forystunnar eða hafnar þeim. Það eru stéttsvikararnir sem sitja við veisluborð atvinnurekendanna og sjá um samningagerðina. Verkamenn hafa ekkert að segja gagnvart launalækkunarbandalagi auðvaldsins og ASÍ-forystunnar, nema við tökum málin í eigin hendur. Við getum ekki treyst á endurbótasinnuðu svikarana í ASÍ, þeir hafa alltaf svikið okkur og með því að binda núverandi samninga til tveggja ára eru þeir að tryggja auðvaldinu lagalega afsökun fyrir hertu arðráni og skertum launum. Þetta má augljóslega sjá á þeim tíma sem ASÍ-forystan hefur eytt í samningana, 4 mánuðir hafa liðið og tilboð atvinnurekenda

FRH. Á BAKSÍÐU



Þrístirni stéttasamvinnunnar á Íslandi. Frá vinstri Torfi Hjartarsson sáttasemjari ríkisvalds borgarastéttarinnar, Snorri Jónsson fulltrúi uppkeyptrar verkalýðsforystu og Jón H. Bergs formaður samtaka arðræningja.

FRÁ FUNDI KSML Í LINDARBÆ

Laugardaginn 16. feb. s.l. héldu KSML opinn fund í Lindarbæ til að ræða vandamál íslensks verkalýðs og yfirstandandi samningamakk ASÍ og VSÍ. KSML höfðu skorað á ASÍ-forystuna í opnu bréfi að senda fulltrúa á fundinn til kappræðna við félaga úr KSML. ASÍ-forystan hafnaði áskoruninni með þeim orðum, að hún "vildi ekki láta stilla sér upp við vegg". Um hundrað manns sóttu fundinn, sem heppnaðist mjög vel í alla staði. Flutt voru tvö framsöguerindi, en að þeim loknum voru umræður og svarað ýmsum fyrirspurnum.



OPIÐ BRÉF TIL ASÍ FRÁ KSML.

Eftir að forysta ASÍ hafði staðið í margra mánuða samningamakki við borgarana í VSÍ tóku KSML þá ákvörðun að skora á fulltrúa ASÍ að mæta til opins fundar og leggja pólitík sína hreint fram frammi fyrir verkamönnum og svara pólitík og spurningum félaga KSML. Þessi áskorun var send í opnu bréfi, sem jafnframt var dreift á fjölmarga vinnustaði og í fjölbýlishús á Reykjavíkursvæðinu.

Í opna bréfinu var fjallað um þróun alþjóðastjórnmála undanfarin ár og ástandið í dag og hvernig það einkennist af framsókn byltingaraflanna um heim allan. Sýnt var fram á yfirburði sósíalismans yfir kapitalismanum og harðnandi stéttabaráttu í heimsvaldalöndunum og nýlendunum, þar sem öreigarnir og kúguð alþýða verða betur og betur meðvituð um nauðsyn byltingarinnar og breyta um baráttuaðferðir frá varnar- og umbótabaráttu yfir í baráttu um pólitísku völdin í þjóðfélaginu.

Einnig var tekið fyrir hlutverk sósíaldemókratanna í auðvaldsþjóðfélaginu, þessarar 5. herdeildar borgarastéttarinnar innan verkalýðshreyfingarinnar, sem er fólgið í því að sundra verkalýðnum og ofurselja hann öllum kúgunaraðferðum auðvaldsins, jafnvel blóðugum hefndum eins og t.d. í Chile.

Að lokum var fjallað um ástandi á Íslandi, stéttasamvinnu verkalýðsforystunnar og umbótapólitíkina og hvaða leið öreigarnir verði að fara í stéttabaráttunni á Íslandi í dag.

"VIÐ ERUM ÓPÓLITÍSKIR" (forseti ASÍ, Snorri Jónsson).

ASÍ-forystunni var veittur ákveðinn frestur til að svara áskoruninni, en að honum loknum hafði ekkert svar borist. Var þá haft samband við Snorra Jónsson, forseta ASÍ, sem svaraði á þá lund, að hann "vildi ekki láta stilla sér upp við vegg", "ASÍ væru ekki pólitísk samtök", "þeir hefðu engan tíma" o.s.frv.

Í upphafi framsöguræðu sinnar tók félagi Gústaf A. Skúlason þessi ummæli fyrir og sagði:

"Þetta voru öll hljóðin, er verkalýðsforystan gaf frá sér. Þeir sem hafa tíma til að gera svik sín við verkalýðinn að aðalstarfi sínu, hafa ekki tíma til að koma og ræða um stöðu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi í dag. Þeir sem hafa haft tíma til að makka "samningaleik" við Vinnuveitendasamband Íslands í yfir sex mánuði, hafa ekki tíma til að koma á tveggja tíma kappræðufund og ræða um yfirstandandi kjarasamninga.

Þeir sem alla sína tíð hafa verið verkfæri auðvaldsins til að hindra alla sjálfstæða baráttu verkalýðsins og halda fram sömu kenningu og einokunarkapítalistarnir og ríkisvaldið, að þá og því aðeins sé rúm í þjóðfélaginu fyrir kjarabætur til verkalýðsins, að aukning framleiðslunnar hafi átt sér stað fyrst (sem þýðir ekkert annað en aukið arðrán og versnandi lífskjör verkalýðsins séu forsenda fyrir efnahagslegum bótum honum til handa), - þeir segjast núna vera ópólitískir og geta ekki talað fyrir munn kratanna. Þeir sem banna stéttvísum verkamönnum að ræða pólitík á fundum verkalýðsfélaganna á þeirri forsendu að verkalýðsfélögin séu ópólitísk og þar eigi eingöngu að ræða fagfélagsleg mál verkalýðsins, en lýsa sig hins vegar reiðubúna til að ræða pólitík á opinberum pólitískum málfundum, þeir þora ekki að láta sjá sig hér í dag.



EÐVARÐ: ÉG MÆTI EKKI NEITT!

Ábúðarmiklar yfirlýsingar Eðvarðs Sigurðssonar um að hann væri reiðubúinn að mæta félögum KSML á opinberum fundi, reyndust vera innantóm orð.

Og hver er ástæðan fyrir öllu þessu?

Svarið hefur verkalýðsforustan gefið sjálf: "Við viljum ekki láta stilla okkur upp við vegginn." Við í KSML erum ekkert hissa á þessu, við vorum reyndar sannfærðir um, að stéttsvikararnir í ASÍ þyrðu ekki að tala við okkur hér, alveg eins og þeir reyna að sniðganga að mæta rökum okkar, hvort sem er í verkalýðsfélögunum eða á fundum á vinnustöðunum. Sannleikurinn er nefnilega sá, að þeir hafa ekkert að bjóða verkalýðnum upp á annað en gatslitna plötu auðvaldsskipulagsins. Sannleikurinn er sá, að gegn kommúnismanum hafa þessir herrar engin rök. Það er þess vegna, sem þeir hræðast kommúnistana, það er þess vegna sem þeir mæta ekki hér í dag."

FRAMSÖGURÆÐUR Á FUNDINUM.

Gunnar Andrésson rafvirki, formaður miðstjórnar, flutti fyrra framsöguerindið. Hann ræddi um launalækkunaraðferðir borgaranna og hvernig þeir nota ríkisvaldið í því markmiði, falsið með vísitöluna og niðurgreiðslur og sjónarspilið með gengið, sem allt er gert í þeim tilgangi að pressa niður laun verkafólksins. Hann rakti nokkur dæmi þar að lútandi. Hann skýrði einnig út afstöðu marxista til kreppa og þróun þeirra, ræddi samningamakk ASÍ/VSÍ, svik AB-forystunnar við verkalýðinn og smáborgaralega pólitík Fylkingarinnar og að lok-

FRH. Á BLS. 7

Frá Straumsvík
KJARASAMNINGURINN FELUR Í SÉR KAUPLÆKKUN!

Eftir að verkamennirnir í Álverksmiðjunni í Straumsvík samþykktu á fundi að boða til verkfalls 4. feb. s.l. þvert gegn vilja verkalýðs"forystunnar" og þrátt fyrir að hún berðist hatrammlega gegn þessari samþykkt - var allt reynt til að koma í veg fyrir verkfallið. Verkalýðs"forystan" og forráðamenn ÍSALS sátu að samningamakki nótt sem nýtan dag síðustu dagana fyrir 4. feb. Útkoman varð nýr kjarasamningur, sem í raun og veru þýðir ekkert annað en kjaraskerðingu fyrir verkalýðinn og aukið arðrán.

22% í tvö ár!

Þessi nýi samningur ÍSAL-forystunnar og viðkomandi verkalýðsfélaga hljóðar upp á 22% kauphækkun í tvö ár (!): 13% frá 1. jan. ´74, 4% 1. sept. ´74 og 4% frá 1. apríl ´75.

Í raun og veru er samningur þessi ekkert annað en kauplækkunaráform af hálfu kapítalistanna í álverinu - og í þeim tilgangi njóta þeir dyggrar aðstoðar hinnar svikulu verkalýðs"forystu" - því hinar stöðugu verðhækkanir, sem eru óhjákvæmilegur þáttur auðvaldsskipulagsins, verða án efa búnar að éta upp þessar kauphækkanir löngu áður en samningstímabilið rennur út.

Verkalýðs"forystan" ber hag kapítalistanna fyrir brjósti!

Í fréttabréfi, útgefnu af samninganefnd verkalýðsfélaganna, segir svo um samningamakk "forystunnar" og ÍSAL:

"...það var mat samninganefndar verkalýðsfélaganna nú, að hver krafa hafi verið þrautreynd og að

FRH. Á BAKSÍÐU

ÁLYKTUN LINDARBÆJARFUNDARINS

Almennur fundur haldinn í Lindarbæ 16.2.´74 á vegum Kommúnistasamtakanna marxistanna-lenínistanna ályktar eftirfarandi:

Þróun undanfarinna ára hefur svo ekki verður um villst leitt í ljós, að auðvaldsheimurinn er á hraðri leið inn í offramleiðslukreppu. Hvarvetna hafa lífskjör verkalýðsins verið pressuð niður fyrir afkomumöguleikana og þetta hefur leitt til víðtækrar og harðnandi varnarbaráttu af hálfu verkalýðsins. Erlendis hefur þetta leitt til verkfalla milljóna verkamanna og jafnvel vopnaðra átaka milli lögreglu og verkfallsmanna. Hérlendis eru vinnulaun verkamanns í dag langt frá því að nægja til að sjá honum og fjölskyldu hans farborða - þvert á móti þurfa verkamenn að vinna yfirvinnu ámóta lengi og dagvinnu.

Verkalýðsforystan hefur einbeitt allri baráttu verkalýðsins að umbótum og þannig haldið honum frá baráttu gegn sjálfu meininu - auðvaldsskipulaginu. Verkalýðsforystan er í raun og veru uppkeypt framvarðarsveit borgarastéttarinnar í herbúðum verkalýðsins, þjónar auðvaldsins, sem hafa því hlutverki að gegna, að halda verkamönnum frá baráttu, sem stefnir út fyrir ramma íslenska auðvaldsþjóðfélagsins. Hlutverk hennar er að halda baráttu verkalýðsins innan löglegra takmarka kapítalismans, að koma á friði milli arðræningjanna og arðrændra. Baráttan gegn íslenska auðvaldinu verður að vera svo víðtæk og svo gagngerð, að hún sé um leið barátta gegn þjónum þess innan verkalýðshreyfingarinnar - verkalýðsforystunni. Þvess vegna verðum við að setja fram vígorðin:

TREYSTUM EKKI Á ENDURBÓTASINNUÐU FORINGJANA, ÞEIR MUNU SVÍKJA OKKUR!

SJÁLFSTÆÐ SKIPULAGNING Á GRUNDVELLI VERKALÝÐSSTÉTTARINNAR!

NIÐUR MEÐ AUÐVALDSSKIPULAGIÐ - LIFI SÓSÍALISMINN!

STÉTT GEGN STÉTT!

LEIÐARI

Leiðarinn túlkar afstöðu miðstjórnar.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT!
LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

STÉTTABARÁTTAN 2. tbl. 3. árg.
28. febrúar 1974
Útgefandi: Kommúnistasamtökin m-l
Pósthólf 1357 Rvk.
Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.

NIÐUR MEÐ NATO! NIÐUR MEÐ ÍSLENSKA AUÐVALDIÐ! LIFI SÓSÍALISMINN!

Í stéttaþjóðfélagi er ávallt kúgun

Ráðandi stétt í stéttskiptu þjóðfélagi verður að verja völd sín með kúgunartæki sem hún beinir gegn hinni undirokuðu stétt. Það hefur ætíð verið svo, að kúgun hefur leitt af sér andspyrnu og baráttu, sem beinist að því að aflétta kúguninni. Til varnar völdum sínum kemur hver ríkjandi stétt á laggirnar ríkisvaldi sínu, heilu kerfi til þess að kúga og halda í skefjum þeirri stétt, sem kúguð er. Þannig var það í lénsveldinu, þannig er það í auðvaldsþjóðfélaginu og þannig er það í sósíalismanum. Það er ekki fyrr en allar stéttir eru liðnar undir lok í kommúnismanum, að þörfin á ríkisvaldi deyr út. Þannig lýsir Engels ríki auðvaldsins:

"Þar eð ríkið er sprottið upp af þörf á að halda stéttaandstæðum í skefjum, en þar sem það jafnframt er orðið til mitt í árekstri þessara stétta, er það venjulega ríki hinnar voldugustu, efnalega ríkjandi stéttar, sem með tilstyrk þess verður einnig pólitískt ríkjandi stétt, og aflar sér þannig nýrra tækja til að arðræna kúguðu stéttina og halda henni í áþján."

Þar sem engin stétt, sem setur sig yfir aðra stétt, getur staðist án varna gegn undirokuðu stéttinni, er augljóst, að íslenska borgarastéttin hefur yfir kúgunartæki að ráða. Ef svo væri, eins og haldið hefur verið fram, að hérlend borgarastétt styddist ekki við eigið kúgunartæki og væri þar af leiðandi á einhvern hátt öðrum háð til þess að geta haldið völdum sínum, þá gæti ekki verið um sjálfstæða tilveru hennar að ræða. Afstaðan til ríkisvaldsins er einmitt eitt af því sem ber á milli kommúnista og smáborgaralegra sósíalista, þ.e. hvort borgarastéttin hér styðst að miklu (eða öllu) leyti við erlent herlið til þess að halda verkalýðnum í greip sinni, ef hann hugsaði sér til hreyfings til þess að varpa af sér yfirstéttinni. Þessi kenning um hæði borgarastéttarinnar á sér eingöngu fylgi í herbúðum "sósíalista" Alþýðubandalagsins og fylgihnatta þess. Kommúnistasamtökin hafa gert upp við þessa kenningu og hafnað henni algjörlega.

Borgarastéttin kýs að ríkja með sem lýðræðislegustu móti

"Almætti 'auðsins' er tryggara í lýðræðislegu þjóðríki sökum þess, að þar er það ekki háð neinni illa gerðri pólitískri auðvaldshulu. Fyrir auðvaldið getur ekki betri pólitíska hulu en lýðræðislegt þjóðveldi." (Lenín: Ríki og bylting, bls. 18)

Það er sammerkt öllum borgarastéttum, að þær kjósa að ríkja með sem lýðræðislegasta móti. Ótímabært ofbeldi leiðir af sér andóf, sem hefur það í för með sér, að stéttamóthverfur auðvaldsþjóðfélagsins koma æ skýrar fram. 1932 ritaði Hermann Jónasson, þáv. lögreglustjóri, Dómsmálaráðuneytinu bréf um þörfina á aukningu lögreglunnar í Reykjavík. Þar kemur einkar vel í ljós hvernig borgarastéttin vill reyna að láta hið lýðræðislega stjórnarform koma fram sem sameiginlegt hagsmunamál allra stétta, og að í rauninni sé lýðræðið hafið yfir allar deilur:

"Þegar auka á lögregluna hér í bænum, verður að gæta margs. Aukningin þarf að vera þannig, að í henni sé sem allra mest gagn og öryggi...og geti aldrei vakið neinn grun eða tortryggni um það, að beita eigi lögreglunni gegn vissri stétt, heldur verður að sjá svo um, að allar stéttir í þjóðfélaginu geti trúað því og treyst, að þær standi jafnt undir vernd hennar." (Lögreglan í Reykjavík, 1938, bls. 141)

Íslenska borgarastéttin hefur sitt ríkisvald til kúgunar og arðráns

En hvert er þá raunverulegt hlutverk lögreglunnar, gegn hverjum beinist hún? Í sama bréfi segir Hermann Jónasson:

"Þessa menn (lögreglumenn, aths. okkar) má velja og æfa með tilliti til þess, að þeir geti verið til öryggis á órólegum tímum." (undirs. okkar)

Órólegir tímar - það kallast órólegir tímar þegar undirokuð stétt reynir að hrista af sér hlekkina. Uppbygging valdatækisins helst í hendur við þörfina, þ.e. vaxi uppreisnarandi meðal öreigastéttarinnar, þá styrkir borgarastéttin vopn sín. Í bókinni Lögreglan í Reykjavík er lýsing á þessu ferli:

"Það er eiginlega árið 1930, sem markar dýpstu sporin í þróun lögreglunnar í Reykjavík, bæði er hún aukin mjög, og það er farið að þjálfa lögregluþjónana betur og komið fastara innra skipulag á lögregluliðið."

"Þessa sveit mætti svo auka jafnt og þétt, ef það sýnir sig að óeirðarmönnum fjölgar, og því ver sem þeir hegða sér." (okkar undirstr.)

Óeirðarmennirnir eru engir venjulegir afbrotamenn, þeir eru verkamenn sem hafa sýnt andstöðu sína við auðvaldsþjóðfélagið og þeim mætir borgarastéttin með sínu kúgunartæki.

"Útbúnaður lögreglunnar er nú mjög góður, svo að ef til einhverra stórra stefja kæmi, ætti að mega ganga að því vísu, að hún komi að þeim notum, sem frekast er unnt með tilliti til mannfjölda liðsins. Auk þeirra áhalda sem hún hafði áður, - kylfur og handjárn - hefur lögreglan nú ef með þarf, stálhjálma og eitt og annað af tækjum, sem tíðkast að nútímalögregla hafi handbær. Henni ætti því ekki að verða skotaskuld úr því í framtíðinni að bæla niður óeirðir, sem stundum hefur orðið að sveigja hjá hér, og þó meiri og skæðari væru." (Lögreglan í Reykjavík, bls. 155, okkar undirstr.)

Það þarf varla að skýra það, að "nútímalögreglu" í borgaralegu þjóðfélagi er ætlað að berja niður óeirðir hinnar kúguðu stéttar.

"Það (hið opinbera vald) styrkist að sama skapi og stéttaandstæður innan ríkisins skerpast..." (F. Engels, tilvitn. í Ríki og Byltingu bls. 14)

Hvaða afleiðingar hafði t.d. baráttan 9. nóvember 1932, þegar bein orrusta verkalýðsins, sem krafðist aukinnar atvinnu, og lögreglunnar varð til þess að lögreglan varð að láta undan síga? Í bók sinni "Skuldaskil Jónasar Jónssonar við sósíalismann" segir Héðinn Valdimarsson frá viðbrögðum borgarastéttarinnar:

"Þessi mál drógu hins vegar þann dilk á eftir sér, að Ólafur Thors, er varð "hundadagaráðherra" þá, í forföllum Magnúsar Guðmundssonar, vildi stofna 500-600 manna ríkisher, er safnað væri saman í Sundhöllinni, þá hálfbyggðri, og taka mig og fleiri leiðtoga verkamanna fasta. Hermann Jónasson kveðst hafa staðið á móti þessu. En úr þessum ráðagerðum varð það, að stofnuð var varalögreglusveit, "hvíta liðið", 120 menn, sem æfðir voru í alls konar tuski og nota átti gegn verkalýðssamtökunum í verkföllum. Auk þess keypti ríkisstjórnin skotvopn og táragas handa liðinu. Stóð þessi her fram yfir kosningar 1934, ..." Ennfremur "Eftir 9. nóvember boðaði Jónas Jónsson í blöðum flokksins nauðsynina á því, að láta ríkisvaldið koma verkalýðsfélögunum á kné, hafa fasta varalögreglu, varðskipsverja, tollþjóna o.fl. til aðstoðar í kaupdeilum, og vinnulöggjöf, er byndi hendur verkalýðssamtakanna."

Eins og þessar tilvitnanir sýna, byggir borgarastéttin upp valdatæki sitt af meiri krafti á "órólegum tímum". Hún leggst ekki á bæn og ákallar erlend öfl heldur treystir hún á eigin krafta.

Bandaríski herinn er ekki hluti af kúgunartæki íslensku borgarastéttarinnar

Í varnarsamningnum frá 1951 (19. des. fylgiskjal) koma fram skýr ákvæði um það, með hvaða skilmálum íslensku borgararnir leggja fram njósnaaðstöðuna fyrir NATO hérlendis:

"Ekkert ákvæði þessa samnings skal skýrt þannig, að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenskum málefnum."

Og ennfremur:

"Liði Bandaríkjanna og skylduliði liðsmanna á Íslandi ber að virða





Skipin sem okkur vantar

Möltu-skipin yrðu árangursrík tæki í landhelgisbaráttunni.

Til árásar á verkalýðinn byggir borgarastéttin upp valdatæki sitt. Fyrir utan lögregluna tilheyrir því landhelgisgæslan og varaliðssveitir, sem eru björgunarsveitirnar og aðrir hvítliðar (þess er skemmst að minnast, að þegar Nixon og Pompidou komu hér á s.l. ári, var hvatt út 600 manna lið til aðstoðar lögreglunni).
Og fremstir í flokki við að þróa og treysta betur kúgunartæki borgarastéttarinnar eru sósíaldemókratarnir í Alþýðubandalagsforystunni. Þeir hafa sett fram áróður um eflingu landhelgisgæslunnar með því að hvetja til þess að keypt væru minniháttar herskip frá Möltu og þeir hafa stutt myndun ríkislögreglu á Íslandi. (Úrklippan er úr Þjóðviljanum)

íslensk lög og hafast ekkert það að, sem fer í bága við anda þessa samnings, og einkum skulu þeir forðast að hafa nokkur afskipti af íslenskum stjórnmálum."

Vilji íslensku borgarastéttarinnar til þess að taka þátt í baráttunni gegn sósíalismanum er ótvíræður - jafnframt er það ótvírætt, að hún afsalar sér ekki sjálfsforræði sínu í hendur erlendrar borgarastéttar eða leyfir erlend afskipti af stjórnmálum hérlendis.

Það, að íslensk borgarastétt þverbraut sína eigin stjórnarskrá þegar hún gekk í NATO og léði land undir herstöðvar, er ekki dæmi um kúgun af hálfu Bandaríkjanna og bandamanna í NATO. Lög borgaranna og lýðræðisreglur, eru ekki til þess ætluð að hindra framgang hagsmunamála þeirra, heldur einmitt til að þjóna þeim. Þess vegna brjóta þeir eigin lög þegar þannig horfir við.

Gott dæmi um þetta er hversu "snuðrulaust" þýska borgarastéttin afnam hið borgaralega lýðræði og kom á fasisma þegar hagsmunir hennar kröfðust þess að "lýðræðishefðunum" yrði varpað fyrir borð.

Borgarastéttin lætur ekki eigin lög aftra sér í baráttunni gegn verkalýðnum - og borgarastéttin styðst ekki eingöngu við lögregluna ef til "einhverra stórra stefja dregur", Eftirfarandi tilvitnun sýnir hversu langt borgarastéttin var reiðubúin að ganga til að brjóta á bak aftur verkfall verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði árið 1939:

"Reykjavíkurlögreglan fékkst ekki til að fara í Hafnarfjörð til að brjóta lögin að boði Hermanns Jónassonar, liðssöfnun í Hafnarfirði utan verkamannastéttarinnar tókst ekki, flotaæfingar varðskipanna, sem Hermann hafði fyrirhugað í Hafnarfjarðarhöfn, urðu að engu."

Barátta smáborgaranna fyrir brottför hersins er afturhaldssöm

"Smáborgaralegir lýðræðissinnar, sem þykjast vera sósíalistar og setja draumóra um samræmingu stéttanna í stað stéttabaráttu, gera sér einnig draumkenndar hugmyndir um sósíalísku umbyltinguna. Þeir hugsa sér hana ekki þannig, að arðránsstéttinni verði steypt af stóli, heldur að minnihlutinn muni beygja sig baráttulaust undir meirihlutann, þegar hinn síðarnefndi hefur skilið köllun sína." (Lenín, Ríki og Bylting bls. 30)

Kenningin um skortinn á innlendu kúgunartæki og kenningin um "verndun" eða hernám erlends hers á íslenskri borgarastétt hefur þjónað sem undirlag fyrir baráttuna fyrir afnámi herstöðvanna. Baráttan gegn herstöðvunum hefur verið hafin upp til skýjanna undir kjörorðunum "Barátta smáþjóðar fyrir sjálfstæði sínu lýkur aldrei." En barátta verkalýðsins fyrir sósíalismanum hefur verið lögð á hilluna af þeim sömu herrum, sem hæst æpa um "hernám" og kalla sig jafnframt sósíalista. Þeir segja, að leið þingræðisins sé leiðin til sósíalismans; hér þurfi enga vopnaða byltingu. Baráttan fyrir afnámi herstöðvanna og úrsögn úr NATO hefur verið sett fram sem forsenda þess, að barátta verkalýðsins geti orðið sigursæl. Einnig hefur því verið haldið fram, að með því að reka herinn burt, þá muni íslensk borgarastétt ("sú óþjóðlegasta í heimi" samkv. Þjóðviljanum) einangrast og slitna úr tengslum við "verndara" sína - og þá er ekki að sökum að spyrja, eftirleikurinn verður auðveldur.

"Við þurfum að einangra og síðan að sundra þeim öflum, sem hingað til hafa stutt heimsvaldastefnuna á Íslandi."
"Ef herinn fer, er um leið skorið á mikilvæg (efnahagsleg) tengsl íslenskrar borgarastéttar við verndara sína - því herinn er hennar varnarlið, ekki okkar." (Samstaða, jan. feb. '74, okkar undirst.)

Þetta eru hin vísu orð Þrastar Ólafssonar, eins helsta hagspekings Alþýðubandalagsins. Lærisveinar Einars Olgeirssonar eru óþreytandi að boða kenningu hans um ósjálfstæði íslensku borgarastéttarinnar, fyrst gagnvart því enska og nú gagnvart því bandaríska auðvaldi, sem hefur tekið að sér vernd þess.

En staðreyndir málsins eru þær, að Ísland er ekki hernumið og að íslensk borgarastétt er ekki háð bandaríska hernum, hann er ekki hluti af kúgunartæki hennar.

Út frá þessum kenningum hefur síðan verið básúnað, að höfuðverkefni alþýðunnar á Íslandi sé þjóðfrelsisbarátta gegn erlendum áhrifum. - Smáborgaralegu sósíalistarnir hafa leitt baráttu verkalýðsins frá raunverulegum höfuðóvini yfir til baráttu gegn ímynduðu erlendu hernámi.

Barátta þeirra er því afturhaldssöm og þjónar í bráð og lengd hagsmunum borgarastéttarinnar!

Sósíaliska byltingin er á dagskrá

KSML hafa skilgreint íslenska auðvaldið sem rotnandi heimsvaldaauðvald; við höfum sýnt fram á, að íslenska auðvaldið hefur full yfirráð yfir framleiðslu og auðlindum þessa lands. Í beinu framhaldi þessarar skilgreiningar er sú niðurstaða, að íslensk borgarastétt hafi af frjálsum vilja og að fullu í samræmi við arðráns- og kúgunareðli sitt tekið þátt í hinu heimsvaldasinnaða hernaðarbandalagi NATO. Íslensk borgarastétt er engin "hrein mey" meðal borgarastétta vesturlanda, hún er ekki þvinguð til samstarfs við aðrar kúgunarstéttir - NATO er stofnað til árása á sósíalismann og á þeim grundvelli tekur íslensk borgarastétt þátt í því.

Á Íslandi stendur ekki fyrir dyrum þjóðfrelsisbarátta þjóðarinnar eins og borgaralegu og smáborgaralegu sósíalistarnir halda fram. Sósíaliska byltingin er á dagskrá, verkefni íslenskrar öreigastéttar er að bylta ríkisvaldi borgarastéttarinnar og koma á fót alræði sínu.

Út frá þessu verkefni verður að skoða herstöðvamálið, en ekki út frá þjóðrembingsafstöðu borgaralegu og smáborgaralegu sósíalistanna. Við verðum að líta á þetta mál í ljósi sögulegs hlutverks öreigastéttarinnar, sósíalisku byltingunni. Í baráttunni gegn NATO, en vera hersins hér er bein afleiðing af NATOaðildinni, á íslensk öreigastétt sér bandamenn um allan heim; við eigum stéttarbræður í öðrum NATOlöndum, sem hafa sömu hagsmuni og við. Einnig er alþýða kúguðu landanna, sem á í beinni orustu við NATOhervaldið, bandamenn okkar. Þess vegna verðum við að reisa baráttu okkar á grundvelli alþjóðahyggju öreiganna, eða með orðum Leníns:

"Alþjóðahyggja í verki getur aðeins verið ein og engin önnur: nefnilega að starfa af fórnfýsi fyrir byltingarhreyfinguna og byltingarbaráttuna í eigin landi ásamt að styðja (með áróðri, samúðaryfirlýsingum og efnislega) sömu baráttu, sömu línu og aðeins hana - í öllum löndum án undantekningar."

KSML stilla sér þess vegna ekki undir vígorðin "herinn burt - Ísland úr NATO". Þessi vígorð túlka hið þrönga þjóðlega (og um leið borgaralega) viðhorf þjóðrembingssósíalistanna og miða að því að safna verkalýðnum undir fána borgarastéttarinnar. Þessi vígorð eru andstæð alþjóðahyggju öreiganna.
Vígorð KSML eru:
NIÐUR MEÐ NATO!
NIÐUR MEÐ ÍSLENSKA AUÐVALDIÐ!
LIFI SÓSÍALISMINN!

„ÉG VEIT EKKI BETUR EN AÐ FÓLKIÐ EIGI ALLT"

"Ég veit ekki betur en að fólkið eigi allt, nú hver á frystihúsið, er bærinn ekki við?, ég veit ekki betur en að fólkið eigi KEA..." !!?

Nei, lesendur góðir, það er ekki neinn framámaður einokunarhrings SÍS, sem hefur orðið, það er verðandi formaður verkalýðsfélagsins Einingar á Akureyri, sem talar, á síðasta fundi Einingar, þar sem rætt var um kjarasamningana og heimild til verkfallsboðunar.

Á fundinum, sem var nokkuð fjölmennur miðað við aðra fundi, sem ég hef sótt, hafa verið á að giska 100 manns.
Sé hins vegar miðað við hvað margir félagar eru í Einingu (um 1700, þar af eru 1000 búsettir á Akureyri) verður þetta að teljast lítill áhugi félagsmanna á starfi félagsins, sérstaklega með tilliti til þess, að svo mikilvægt mál var rætt sem kjarasamningarnir og heimild til verkfallsboðunar.
Hver skyldi nú ástæðan vera fyrir þessu áhugaleysi öreiganna á starfi verkalýðsfélagsins?

Svarið er, að það kemur æ skýrar í ljós með hverjum degi sem líður, að það er ekki hinn almenni verkamaður eða verkakona, sem samið er fyrir, heldur eru launakröfur miðaðar við hvað atvinnurekandinn vill borga og getur, án þess að skerða gildisaukann.

Sú kjarabarátta, sem hefur verið leidd af verkalýðsforystunni, hefur þreytt og sljóvgað baráttuþrek stéttarinnar. Í yfirstandandi kjaradeilu hefur verkalýðsforystunni tekist að draga samningana svo á langinn, að krafan um 35000 kr., sem lögð var fram í upphafi, hefur nú rýrnað stórlega. Hagstofa Íslands reiknaði út framfærslukostnað vísitölufjölskyldunnar um 45000 kr., en það var fyrir fimm mánuðum síðan, nú lætur það nærri, að sú upphæð sé minnsta kosti 55000 kr. Þeir í verkalýðsforystunni vita þetta mæta vel.

Fjarvera þorra öreiganna á verkalýðsfundum notfæra sendisveinar borgaranna dyggilega til að koma myrkraverkum sínum á framfæri. Þeir boða til fundar í útvarpi og blöðum, en hin raunverulega fundarboðun gerist með persónulegum símtölum og annarri smalamennsku. Hannibalistar smala, þegar þeim liggur á að fremja sín myrkraverk, Alþýðubandalagið smalar, þegar þeir þurfa að fremja sín o.s.frv.

Tillaga sú, sem við, nokkrir meðlimir og stuðningsmenn KSML, bárum upp á fundinum, hljóðar svona:

1. Að kosin verði verkfallsnefnd á þessum fundi.

2. Að fyrsta verkefni nefndarinnar verði að krefjast þess að hún verði viðurkennd sem samningsaðili milliliðalaust.

3. Að nefndin útbúi kjarakröfur, sem miðist við að verkafólk geti framfleytt sér og sínum af 8 stunda vinnudegi.

4. Að nefndin haldi almennan fund, þegar hún hefur lokið við að útbúa kröfurnar. Kröfurnar verði bornar undir fundinn, sem síðar tekur nánari ákvörðun um verkfall.

Það var eins og varpað hefði verið sprengju, þegar þessi tillaga var fram borin á fundi verkalýðsfélagsins. Upp í ræðupúltið skundaði hin nýkjörna stjórn (hannibalistar), Alþýðubandalagsmenn og Fylkingarmenn. Allir luku þeir upp einum munni um að þessi tillaga væri tilræði við verkalýðinn og félagið. Þeir notuðu mismunandi sterk lýsingarorð, í réttu hlutfalli við hversu náin tengsl eru milli þeirra og atvinnurekenda. Hannibalistar sögðu tillöguna vera tilræði við verkalýðshreyfinguna, Alþýðubandalagið taldi kröfurnar allar óraunhæfar (nema kannski þá fyrstu), Fylkingin hékk aftaní lærifeðrum sínum í AB og kallaði tillöguna skottulækningar.

Höfuðmótsetningin á fundinum var annars vegar á milli þeirra, sem vildu viðhalda og lappa upp á hið ríkjandi auðvaldsþjóðfélag og hins vegar þeirra, sem vildu, að verkalýðsstéttin skipulegði sig til að kollvarpa auðvaldsþjóðfélaginu.

En víkjum nú nánar að tillögu okkar. Í hverju skyldi nú tilræðið við verkalýðsstéttina vera fólgið?



Fallin hetja.
Helgi Guðmundsson, hinn skeleggi umbótasinni og "vinstri" hönd Jóns Ásgeirssonar. Nú verða þeir kumpánar, sem Fylkingin styður svo dyggilega, að láta sér lynda að yfirgefa skrifstofustólana í Einingu, þeir verða að láta sér nægja miðstjórnarsæti í Alþýðubandalaginu (Helgi) og sæti í 30 manna samninganefnd ASÍ (Jón).

Hvað er það, sem er óraunhæft? Að verkafólk geti valið á fundi í "eigin" félagi sína eigin verkfallsnefnd, þegar sú verkfallsnefnd, sem var falið samningshlutverkið hafði gert í buxurnar. Hví var ekki hægt að setja hana af? Er þetta óraunhæft?

Vegna þeirra staðreynda, að auðvaldið viðurkennir aðeins sína drengi (verkalýðsforystuna) sem samningsaðila, þá var nauðsynlegt að nefndin berðist fyrir því að vera samþykkt sem samningsaðili milliliðalaust. Milliliðalaust, það er að enginn af hinum uppkeyptu hlaupatíkum auðvaldsins (verkalýðsforystan) geti komist þar á milli til að leiða baráttuna á villigötur.
Að krefjast þess að verkafólk fái lífvænleg laun fyrir átta stunda vinnudag, hvenær hefur það verið tilræði við verkalýðsstéttina?

Til að treysta tengsl nefndarinnar við fjöldann af verkamönnum, til að tryggja, að nefndin svíki ekki, og ef hún svíkur er skilyrðislaust rétt að afsetja þá nefnd og reka hana frá á fundi, þar sem önnur nefnd er kosin eða einstakir aðilar nefndarinnar, sem staðnir eru að því að vera með undansláttarpólitík.

Tillaga okkar hlaut 7 atkvæði gegn ca. 25. Um 60 sátu hjá.

Heiftarleg árás var gerð á verðandi stjórn Einingar, menn Björns Jónssonar, og verkamenn hrópuðu: "Út með svikarana, við viljum tala um málefnin, en ekki um mennina." (Jónarnir þráttu um það, hvor hefði mátt bjóða upp á fleiri tertur í kosningamakkinu).

Það má benda á, að tillögur þær, sem verðandi stjórn lagði fram á fundinum, voru allar felldar.

Verkafólk, hvað skal nú til bragðs taka?
Verkalýðsforystan hefur nú opinberað þýlyndi sitt gagnvart atvinnurekendum og það, sem þeir bjóða ER Í RAUN EKKI ANNAÐ EN KJARASKERÐING, er þá rétt að segja sig úr verkalýðsfélaginu? NEI, því þannig gefum við forystunni ennþá betra tækifæri til að útbreiða stéttasamvinnupólitík sína óáreittir.
Við verðum að standa þá að verki og fletta ofan af þeim.

KSML/Akureyri

Er blaðið var að fara í prentun bárust þær fréttir frá Akureyri, að í Verkamanninum, málgagni Hannibalista, hefði birst grein um KSML og þær tillögur, sem félagar lögðu fram á fundinum á Akureyri. Er þar ráðist með offorsi og lygum á félaga KSML og rangfærður málflutningur þeirra á allan hátt. Því miður gefst ekki tækifæri nú í þessu blaði til að fjalla nánar um þessa grein, en það mun verða gert í næsta tbl. Stéttabaráttunnar.

Kommúnísk samtök stofnuð í Danmörku KAm-l

30. desember 1973 voru stofnuð í Kaupmannahöfn kommúnísk samtök, sem hlutu nafnið Kommunistisk Arbejderforbund - KAm-l.

KAm-l eru stofnuð af tveimur samtökum byltingarmanna, ARBEJDERBLADET, sem störfuðu í Kaupmannahöfn, og KA (Kommunistiske Arbejdere), sem störfuðu í Óðinsvéum, Árhúsum, Horsens og Kolding. Undanfarin ár hefur átt sér stað mikil barátta um réttu línuna fyrir flokksbygginguna í Danmörku, fjöldinn allur af smærri hópum hafa verið stofnaðir og byrjað nám í marxismanum-lenínismanum, en flestir hafa leiðst út í hentistefnusvaðið og starfað á svipuðum grundvelli og Fylkingin hér heima. Úr þessari gerjun hefur smám saman þróast byltingarsinnuð lína, sem hefur barist hart gegn ökónómisma og smáborgaralegri afstöðu hópanna sem stóðu til vinstri við danska Kommúnistaflokkinn (DKP) sem hefur líkt og flestir aðrir eldri kommúnistaflokkar í Evrópu tekið upp endurskoðunarpólitík.



Proletarer i alle lande, foren jer
ARBEJDERBLADET
Udgivet af KOMMUNISTISK ARBEJDERFORBUND (M-L)
Ny 4/5-lov for at sikre reformismen
Arbejderbyrokratiet udbygges
DYRTIDEN
En følge af kapitalismen

ARBEJDERBLADET,
aðalmálgagn KAm-l.

Fremstu talsmenn hinnar marxísku-lenínísku línu, þeir sem tóku upp baráttuna fyrir byggingu kommúnísks flokks, var hópurinn í kringum ARBEJDERBLADET í Kaupmannahöfn.

Með gagnrýni sinni á ökónómisma KA tókst þeim að vinna þau samtök fyrir lenínísku línunni í flokksbyggingunni.

Stofnun KAm-l er mikilvægt skref fram á við fyrir danskan verkalýð, á nýjan leik hefur risið marxísk-lenínísk forysta verkalýðsins, forysta sem byggir á því besta úr starfi DKP þegar hann var og hét, forysta sem einnig er þess megnug að draga lærdóma af mistökum kommúnistanna í gamla DKP.

KSML sendir stéttarbræðrum sínum baráttukveðjur í tilefni þessa mikilvæga áfanga í endurreisn kommúnísks flokks í Danmörku.

BRÉF FRÁ VERKAMANNI:

Reykjavík, 19. janúar, 1974.

Nú að lokinni þátttöku í námshring KSML vil ég þakka þá hjálp, sem ég hefi fengið, hjálp í að átta mig á tilverunni og stöðu minni í henni. Þá er ég og þakklátur fyrir að hafa fengið að kynnast einlægum áhuga ykkar á kommúnismanum og starfi ykkar að framförum í þjóðfélagsmálum á þeim grundvelli.

Það er ekki ykkar sök, þó ég hafi ekki lært meira en raun ber vitni. Samt hef ég lært nóg til þess, að smátt og smátt er ég að gera mér grein fyrir því, hve lítið ég veit, og hve mikið ég á eftir að læra.

Núna á ég enga aðra ósk heitari ykkur til handa, en að ykkur auðnist að finna leiðina að hjarta allra hugsandi verkamanna á Íslandi, sem nú í dag, senda með hverju hjartaslagi sínu þögla bæn um hjálp til allra þeirra, sem vilja eitthvað á sig leggja í óeigingjörnu starfi fyrir verkalýðinn, svo að okkur verkamönnunum megi verða lífið eitthvað eftirsóknarverðara en það er núna.

Þið hafið fundið leiðina okkur verkamönnum til hjálpar. Það fer því eftir manndómi ykkar og þroska, hvort þið eruð þess umkomin að svara rétt hjálparbeiðni verkalýðsins og feta með okkur fyrstu skrefin á þeirri braut, sem ein er fær um að leiða okkur til þess vegs og virðingar, sem verkalýðnum ber í mannlegu samfélagi.

Félagar! Fram til baráttu!
Elías Kristjánsson.

SVAR:

Stéttabaráttunni barst þetta bréf frá Elíasi Kristjánssyni, verkamanni, um þá reynslu, sem hann hefur öðlast af starfi í grundvallarnámshring KSML.

Það er stöðugt stærri hópur verkamanna, sem tekur þátt í námsstarfi á vegum KSML. Framsýnir verkamenn sjá í gegnum stéttakúgunina, misréttið og arðránið, sem samgróið er auðvaldsþjóðfélaginu, og að eina leiðin til endurlausnar verkalýðsstéttarinnar er sósíalísk valdbylting og alræði öreiganna.

Kommúnistasamtökin m-l vinna brautryðjendastarf í dag í þágu verkalýðs og sósíalisma á Íslandi. Mikilvægasti þátturinn í því brautryðjendastarfi er hið byltingarsinnaða námsstarf.
Markmið þessa starfs er að vekja allan fjölda öreigalýðsins upp til vitundar um stöðu sína í þjóðfélaginu, vekja hann til baráttu gegn því. En eitt verður að muna. Það er verkalýðurinn sjálfur, sem gerir byltinguna; það er hann, sem mun taka á sig byrðar og erfiðleika þess mikla sögulega hlutverks, sem felst í afnámi stéttaþjóðfélagsins. Það gerir enginn fyrir hann. Við verðum að líta á verkalýðsstéttina sem afl, byltingarafl, sem hún er, en aldrei sem þjáða stétt, er þarfnast hjálpar. Slíkt væri rangt viðhorf og í andstöðu við díalektíska þjóðfélagsskoðun.

Ritnefnd.

FRELSUN VERKALÝÐSINS VERÐUR AÐ VERA VERK HANS SJÁLFS

FRÆÐIKENNING ÖREIGANNA FORSENDA RÉTTRAR STJÓRNLISTAR OG BARDAGAAÐFERÐAR

Fræðikenningin er ekki kredda, heldur leiðbeining til starfs, sagði félagi Lenín. Þessi orð hins mikla leiðtoga verkalýðsbyltingarinnar hafa KSML að leiðarljósi, þegar þau setja námsstarfið fram sem höfuðverkefni íslenskra öreiga í dag. Það er lifandi nám í marxismanum-lenínismanum-hugsun Mao Tsetung og aðlögun hinnar kommúnísku hugmyndafræði að aðstæðum stéttabaráttunnar á Íslandi, sem er höfuðverkefni við núverandi baráttuskilyrði.

Þessi skilningur á byltingarsinnaða námsstarfinu kom þegar fram á stofnþingi KSML, sumarið 1972. Í samþykkt þingsins um námsstarfið stendur:

"Marxískt nám er ekki hægt að vinna með því að læra utanbókar orð og setningar, án samhengis við þær aðstæður, sem hafa verið til grundvallar hverju sinni.
Það er fráleit ímyndun að halda, að þannig sé hægt að vinna og ekkert annað en kreddufesta.
Á sama hátt er ekki heldur hægt að læra af marxismanum og verða marxistar öðru vísi en að námið sé í beinum tengslum við þau vígorð, sem hin byltingarsinnaða barátta reisir hverju sinni."

Þessum byltingarsinnaða skilningi á námsstarfinu hafa KSML reynt að fylgja alla tíð, og í heildina hefur þeim tekist það. Samtökin hafa tengt saman nám í verkum Marx, Engels, Leníns, Stalíns og Maos, sem innihalda sameinaða reynslu verkalýðs allra landa á öllum sviðum stéttabaráttunnar, og skapandi rannsóknir á staðreyndum og sögulegum skilyrðum íslensku stéttabaráttunnar.
Mikilvægasta hlið námsstarfsins er hið byltingarsinnaða starf, sala og dreifing á málgögnum samtakanna, áróður meðal verkalýðsins, hvar sem hann er að finna o.s.frv.
Þessi þáttur námsstarfsins hefur stöðugt verið aukinn og efldur með vexti samtakanna og auknum styrk þeirra.

Þróun KSML fylgir þróun námsstarfsins.

Markmið byltingarsinnaðs námsstarfs er frá langæju sjónarmiði að sameina kommúnismann og verkalýðshreyfinguna; að afla sósíalismanum fylgis allra stéttvísra verkakarla og -kvenna. Þessu markmiði verður ekki náð nema með óeigingjarnri og langvinnri baráttu samtaka af lenínískri gerð og síðan kommúnistaflokks. Með stöðugum áróðri og útbreiðslu, baráttu á öllum vígstöðvum stéttabaráttunnar, verður að rótfesta hugmyndafræði öreiganna meðal verkalýðsfjöldans, svo hann skilji nauðsynina á sósíalísku byltingunni og alræðisskipulagi öreigastéttarinnar. Með því að nema og skilja kommúnismann mun verkalýðurinn öðlast skilning á sögulegu hlutverki sínu, uppbyggingu stéttlauss þjóðfélags, og mun brjóta hið gamla, úldna kúgunarskipulag auðvaldsins til grunna.
KSML hafa tiltölulega nýlega hafið gönguna að því marki að mynda kommúnistaflokk íslensks verkalýðs, sem leiða mun hann í vopnaðri byltingu gegn borgarastéttinni. Þetta er langt og torsótt markmið og samtökunum hafa þegar orðið á villur og mistök. Þau hafa gert ökónómíska feila, vanmetið hið geysimikla mikilvægi námsstarfsins, og hægrihentistefnan, undir forystu stéttsvikara eins og Arthúrs Ólafssonar og Rósmundar Guðnasonar, hefur viðhaldist innan samtakanna.
En þrátt fyrir þessar villur og mistök hafa KSML þróast fram á við á byltingarsinnaðan hátt. Þau hafa leyst úr vandamálum, sem upp hafa komið, á gagnrýninn og sjálfsgagnrýninn hátt, og bætt úr þekkingarskorti sínum með gagngjörri skólun félaga og öflugu námsstarfi. Án slíkrar byltingarsinnaðrar afstöðu gætu samtökin ekki þróast fram á við og tekið að sér leiðsögn stéttabaráttu verkalýðsins.

Þróun KSML allt frá upphafi hefur á öllum sviðum, jafnt fræðilega, skipulagslega sem pólitískt, fylgt þróun námsstarfsins og fræðilegrar skólunar félaga. Á meðan samtökin stóðu á mjög lágu fræðilegu stigi tóku þau ranga afstöðu í ýmsum afgerandi málum, er snertu grundvöll og framtíð íslensku verkalýðsbyltingarinnar. Þannig skilgreindu samtökin á sínum tíma ranglega efnahagsgrundvöll íslenska auðvaldsþjóðfélagsins: þau báru á borð fyrir íslenska verkamenn, að í stað imperíalísks einokunarauðvalds væri Ísland í raun hálfnýlenda, eða með fínni orðum, háð auðvaldsland. Þetta var sett fram án nokkurra hlutlægra rannsókna á íslenskum efnahagsmálum og þróun þeirra. Þessar hugmyndir og aðrar þvíumlíkar hafa nú verið afhjúpaðar, meðfram því sem stéttvísi og fræðileg skólun hefur aukist meðal félaga í KSML.

Samfara dýpra námi í marxismanum-lenínismanum hafa KSML orðið æ hæfari til að aðlaga fræðikenninguna íslenskum aðstæðum og nota hana til grundvallar við afstöðumyndun í íslensku stéttabaráttunni. Þar sem áður var vanþekking, er nú þekking, og það þýðir markvissari og marxíska pólitík.
Í dag er höfuðverkefni KSML á fræðilega sviðinu að gera stéttaskilgreiningu á íslenska þjóðfélaginu. Þegar hefur kenningu verið slegið fastri um efnahagslega stöðu Íslands, en enn eru mörg svið eftir, sem nauðsynlegt er að rannsaka til að hægt sé að ákvarða allar hliðar stjórnlistarinnar fyrir íslensku byltinguna.

Aðeins með áframhaldandi rannsóknum og víðtækari tileinkun og aðlögun fræðikenningarinnar, hugmyndafræði öreigastéttarinnar, verður unnt að leysa þau vandamál og leiða fram á við baráttuna fyrir uppbyggingu kommúnistaflokksins.

Eflum grundvallarnámsstarfið.

Eftir tveggja ára starfsemi kommúnískrar hreyfingar og samtaka á Íslandi er mikilvægi grundvallarnámsins í námshringjunum óbreytt.
Jafn nauðsynlegt er í dag sem fyrr að fá verkamenn og heiðarlega byltingarsinna inn í námshópana. Það hefur úrslitaþýðingu fyrir flokksuppbygginguna hvernig það verkefni tekst. Gegnum námsstarfið í námshringjunum byggist framvarðarkjarninn upp, sú uppistaða byltingarsinnaðs fólks, sem leiða mun fram baráttuna fyrir myndun íslensks kommúnistaflokks og íslensku byltingunni.
Því er nauðsynlegt að styrkja og reka sem mestan áróður fyrir grundvallarnámsstarfinu. Þá reynslu, sem þegar er fengin af námshópunum, verður að hagnýta til að þroska þá áfram og gera þá að markvissari skólun. Námshóparnir eiga að hafa það hlutverk að vera byltingarsinnaður skóli í nánu sambandi við allt það starf, sem unnið er innan samtakanna, sem félagar og stuðningsmenn fást við. Markmið þeirra er eitt: að skóla upp baráttumenn í kommúnísku hreyfingunni.

MVS

Sovétríki Bresnev-klíkunnar:

FASÍSKT ALRÆÐI BORGARASTÉTTARINNAR!

Síðan Nikita Krustsjoff varpaði kenningunni um stéttabaráttuna í sósíalismanum fyrir róða og tók upp keninguna um "ríki allrar alþýðu", hafa endurskoðunarsinnarnir í Kreml gert allt, sem í þeirra valdi stendur, til að breiða yfir hinar harðnandi stéttaandstæður innan Sovétríkjanna. Þó að Bresnev-klíkan fullyrði, að allt sé með kyrrum kjörum og að veldi flokksins sé tryggt í sessi, getur hún þó ekki leynt því, að undir niðri kraumar - í rauninni sitja sósíalheimsvaldasinnarnir á púðurtunnu.

Sem svar við hinum vaxandi mótþróa og andstöðu alþýðunnar gegn kúguninni hafa sósíalheimsvaldasinnarnir gripið til þess ráðs að styrkja og treysta fasískt alræði sitt í sífellt meiri mæli. Hinir nýju zarir hrópa, að það sé "hlutverk alls landsins og alls flokksins að styrkja réttarkerfið og lög og reglu" og að nauðsynlegt sé að "treysta félagslegt eftirlit á öllum sviðum þjóðlífsins." En þessar aðgerðir gagna þeim ekki, kúgun þeirra og arðrán mun vekja af sér baráttu gegn kúguninni og andstöðu gegn arðráninu.



"Lög og regla" - Einkunnarorð Bresnev-klíkunnar.

Síðan 1965 hafa sósíalheimsvaldasinnarnir styrkt ríkisvald sitt mjög og aukið fasíska löggjöf og réttarfyrirkomulag í geysilegum mæli. Hin nýju lög eru: "Ákvörðun um aðgerðir til að styrkja lögregluna enn frekar", "lög um viðbætur og rýmkanir á grundvallarreglum um refsilöggjöf fyrir USSR og sovésku lýðveldin", "grundvallarreglurnar um endurhæfingu með vinnu fyrir USSR og sovésku lýðveldin", einnig "ákvörðun um að skotvopn verði gerð upptæk" og "grundvallarreglur um vinnulöggjöf", svo eitthvað sé nefnt.

"Reglugerð um málamyndameðferð" frá júlí 1969 segir svo fyrir um, að "grunaðir" eigi yfir höfðum sér yfirheyrslur og saksóknir og verði knúðir til að hlíta "langtímameðferð", ef þörf þykir. Veiti þeir mótspyrnu má handjárna þá, setja í spennitreyjur og jafnvel skjóta. Þannig meðhöndlar lögregla endurskoðunarsinnanna þá "pólitísku misgjörðarmenn", sem hafa tekið upp baráttu gegn kúgunarvaldi rússnesku borgarastéttarinnar. "Lögin um viðbætur og rýmkanir á grundvallarreglum um refsilöggjöf fyrir USSR og sovésku lýðveldin" ná til "óskaplega hættulegra pólitískra glæpamanna", "fjöldaóeirða" og "morða á löggæslumönnum".

Síðan 1965 hefur lögreglan fengið æ meiri völd, sérstakar sveitir hafa verið stofnaðar, leyniþjónustan hefur verið stækkuð, nýtísku tæki til að berja niður götuóeirðir, vélhjólasveitir og brynvarðar sveitir voru stofnaðar 1968 og auk allra nýrra fangelsa, sem byggð hafa verið, hefur víðtæku fangabúðaneti verið komið á fót. Samkvæmt heimildum eru meira en 1000 slíkar búðir í Sovétríkjunum og yfir 1 milljón pólitískra fanga í þeim. Hvað eftir annað hafa sovésku endurskoðunarsinnarnir sent út lögreglu- og hersveitir, vopnaðar skriðdrekum og brynvörðum bílum, fallhlífasveitir og sérsveitir, til að berja niður andstöðu sovéskrar alþýðu í blóði. Pólitískir andstæðingar endurskoðunarsinnanna eru læstir inni á geðveikrahælum, sumir alvarlega slasaðir eftir pyntingar lögreglunnar.

Sovétríkin, sem á tímum Stalíns og Leníns, voru föðurland hinnar alþjóðlegu verkalýðsstéttar og framvörður frelsisbaráttu mannkynsins, eru í dag eftir valdatöku endurskoðunarsinnaklíkunnar, borgaralegt alræði af fasískri gerð. Kjarninn í þeirri breytingu, sem átti sér stað 1956, þegar Krustsjoff hrifsaði völdin, var, að í stað alræðis öreiganna tók annað stéttarlegt alræði við - alræði borgarastéttarinnar.

Rússneskur verkalýður veitir endurskoðunarsinnunum mótspyrnu.

En afturhaldssöm löggjöf og lögregluofbeldi geta aldrei kæft frelsisbaráttu verkalýðsins, hin herta kúgun hefur aðeins leitt af sér harðari mótspyrnu. Sovéskur verkalýður hefur gripið til baráttu gegn ofríki endurskoðunarsinnanna - fyrir utan verkföll og mótmælafundi hafa sovéskir verkamenn þegar bundist byltingarsinnuðum samtökum, dreift áróðursritum, hvatt til baráttu og komið af stað fjöldauppreisnum.

Á seinustu árum hafa verkamenn æ oftar lent í vopnaviðskiptum við fasistasveitir Bresnev-klíkunnar. Fyrir utan hina velþekktu fjöldabaráttu gegn kúgurunum í Chimkentborg 1967, hafa þúsundir verkamanna gert umfangsmikil verkföll í Kharkov-traktorverksmiðjunum í nóvember það sama ár.

Margar byltingarsinnaðar hreyfingar og samtök hafa verið stofnuð og þau hafa birt greinar og ritlinga, þar sem sovéskur verkalýður er hvattur til að steypa fasistastjórn Bresnev-klíkunnar af stóli og endurreisa alræði öreiganna.

Í maí 1969 fóru verkamenn við Kiev raforkustöðina í mótmælagöngur og þúsundir verkamanna í borginni Dniepropetrovsk lögðu frá sér verkfærin og hófu mótmælaaðgerðir árið 1972.
Á sama hátt hafa minnihluta þjóðernisbrot mótmælt fasískri ofbeldis- og þjóðrembingsstjórn endurskoðunarsinnanna í Kreml. Þúsundir flykktust út á göturnar í borginni Kaunas í Lithauen undir vígorðinu "Frelsi fyrir Lithauen", stúdentar héldu mótmæli í Tallin í Eistlandi, og 22 framámenn lettneska kommúnistaflokksins gáfu út yfirlýsingu, þar sem þeir sökuðu Bresnev-klíkuna um svik við marxismann-lenínismann.

Í Dnieprozherdzinsk í Ukraina réðust meira en 10 þúsund manns á aðalstöðvar flokksins og rifu málverk af Bresnev og öðrum í tætlur. Reiðialda fór um Sovétríkin, þegar endurskoðunarsinnarnir réðust á Kína við Ussurifljót 1970 og þúsundir fóru í samúðarverkföll, mótmælagöngur og mótmælafundi í borgunum Moskva, Leningrad, Kharkov, Nova Siberia og víðar, þegar rússneski herinn hélt inn í Tékkóslóvakíu í ágúst 1968. Hið sama skeði í desember 1970, þúsundir verkamanna fóru í samúðar- og mótmælaverkföll til að mótmæla, að rússneskir skriðdrekar voru notaðir til að berja byltingu pólska verkalýðsins niður í blóði, sem risið hafði upp til baráttu gegn kúgun sósíalheimsvaldastefnunnar. Þetta skeði í borgunum Kaliningrad, Lvov, í Byelorussia og víðar.

Hin hetjulega barátta rússneska verkalýðsins og þjóðernisminnihlutanna gegn fasísku blóðveldi rússnesku endurskoðunarsinnanna mun á endanum bera árangur og rússneski verkalýðurinn mun endurreisa alræði sitt í samvinnu við þjóðernisminnihlutana, sem byggja jaðarsvæði Rússlands.

(Þýtt og endursagt úr Peking Review).

SÓSÍAL-HEIMSVALDA-SINNARNIR - VÍGBÚAST TIL ÁRÁSAR Á SÓSÍALISMANN

NATO var stofnað árið 1949 með það fyrir augum að ráðast á sósíalismann. Sama tilgang höfðu SEATO og CENTO og til samans mynduðu þessi hernaðarbandalög keðju, sem umkringdi hinn sósíalíska heim. En ástandið í heiminum breyttist gífurlega, þegar stéttabaráttan í Sovétríkjunum leiddi til ósigurs byltingaraflanna og alræði borgaranna kom í stað alræðis öreiganna. Varsjárbandalagið, hernaðarbandalag sósíalheimsvaldasinnanna í Kreml, hefur að miklu leyti tekið við hlutverki NATO. Sósíalheimsvaldasinnarnir undirbúa nú árás á Kína.

Allt frá 1956 hafa mjög aukist viðsjár með sósíalheimsvaldasinnunum í Sovétríkjunum og kínversku kommúnistunum. Til að byrja með voru átökin eingöngu á fræðilega sviðinu, en brátt dýpkaði móthverfan milli landanna svo, að um hernaðarátök var að ræða.

Sovétríkin hafa reynt að umkringja Kína með herstöðvum á landi, flota á Kyrrahafi og Indlandshafi, og með stofnun heimsvaldasinnaðra árásarbandalaga (Indversk-Sovéska hernaðarbandalagið). Meðfram gjörvallri hinni 6.500 km löngu landamæralínu Kína og USSR eru herstöðvar og herflugvellir Sovétmanna.

Á árunum 1960-64 gerðu Sovétmenn meira en 1600 árásir á landamærum Kína og meira en 4000 árásir á árunum 1964-69. Oft voru þetta stórárásir með nokkru mannfalli á báða bóga. Þekktasta árásin var gerð 1969. Þá kröfðust sósíalheimsvaldasinnarnir meira en 1000 ferkílómetra af kínversku landssvæði, aðallega við Ussurifljótið, þar sem þeir gerðu innrás inn á kínverskt landssvæði. Kröfurnar voru byggðar á fölskum landakortum og var þeim algjörlega vísað á bug af Kínverjum. Sovésku hermennirnir voru neyddir til undanhalds af kínverska þjóðfrelsishernum.

1968 höfðu Sovétmenn 15 herdeildir við landamæri Kína, 1970 var fjöldinn kominn upp í 30, og 1971 voru þær orðnar 44. Ennþá er liðssafnaður í fullum gangi og það fer ekki fram hjá nokkrum, sem á þetta lítur óbrjáluðum augum, að allur þessi liðssafnaður (um 2 millj. hermanna) er ekki ætlaður til varna, heldur er þetta herlið ætlað til árása.

Þetta er stærsti her, búinn kjarnorkuvopnum, sem safnað hefur verið saman á einum stað á jörðinni.

Markmiðið er að mola sósíalismann í Kína og hagnýta sér hina miklu möguleika í vinnuafli og náttúruauðlindum, sem þar eru.

En Sovétmenn undirbúa árásina á Kína á fleiri vegu en eingöngu með liðssafnaði við landamæri Kína og aukningu í flotanum úti fyrir strönd Kína. Í Austur-Evrópu hefur verið dregið saman mikið sovéskt herlið. Yfirmaður NATO-herjanna í V.-Evrópu sagði, að "vígvélar og herlið Sovétríkjanna í A.-Evrópu hafi það hlutverk að kæfa í fæðingu sérhverja samúðaruppreisn, er brjótast kunni út, þegar Sovétmenn ráðast á Kína." Ennfremur undirbúa Sovétmenn árásina með stórhertum áróðri á móti Kína í þeirri von að geta réttlætt hana í augum öreiga heimsins. Hlaupasnatar sósíalheimsvaldasinnanna í öðrum löndum og óvinir sósíalismans hafa tekið undir þessar árásir. Þannig hafa birst greinar í Neista, málgagni Fylkingarinnar, og Þjóðviljanum, "málgagni sósíal(fas)isma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis", sem eru beinar árásir á Kína og sósíalismann. Í þessum auvirðilegum sorpritum hefur Mao Tsetung verið kallaður glæpamaður og einræðisherra, og gert lítið úr hinum stórkostlegu sigrum sósíalismans í Kína.

Það er "einkennileg tilviljun", að sósíalheimsvaldasinnarnir í Kreml eru þeim alveg sammála og telja, að kínverska þjóðin sé undir oki glæpamanna og einræðis. Slíkar "röksemdir" munu verða notaðar til að réttlæta hina fasísku árás á Kína. Staðreyndin er sú, að með níðskrifum sínum um Kína, þjóna Fylkingin og Alþýðubandalagið afturhaldsöflunum í heiminum, sem undirbúa árás á sósíalismann.

En hversu svo mjög sem sósíalheimsvaldasinnarnir reyna að fegra gerðir sínar, afhjúpa þeir sig betur og betur í augum öreiga og kúgaðrar alþýðu um heim allan. Árás á Kína mun leiða til þess að byltingaröfl innan Sovétríkjanna og Austur-Evrópuríkjanna munu rísa upp og ný Októberbylting kemst á dagskrá.

Þessar myndir voru teknar, þegar sovéskir brynbílar réðust á hóp óvopnaðra kínverskra fiskimanna, við Chilichin eyjar í jan. 1968, og drápu fjóra þeirra.



Alþýða Kína er ósigrandi - heimsvaldastefnan er pappírstígrisdýr, sem mun láta í minni pokann.

Félagar! Afhjúpum sósíalheimsvaldastefnuna og þý hennar í Fylkingunni og Alþýðubandalaginu!

LIFI ALÞJÓÐAHYGGJA ÖREIGANNA!

ÓI

Smáborgararnir afhjúpa sig

FYLKINGIN RÆÐST Á SÓSÍALISMANN

Í síðasta tbl. Stéttabaráttunnar var sagt frá árásum Þjóðviljans á sósíalísk ríki heims og leiðtoga verkalýðsins. Nú strax aftur verðum við kommúnistar að svara árásum á sósíalismann og verkalýðinn úr sömu átt - aðeins lengra úr sömu átt, þ.e.a.s. Alþýðubandalagshalinn (Fylkingin) þurfti að sjálfsögðu líka að dingla í takt við óskapnaðarbúkinn og sýna, að hann gæfi honum ekkert eftir. Í 1. tbl. Neista ´74 er að finna á bls. 6 smágrein, sem ber fyrirsögnina Kína. Þessi grein er bein árás á höfuðvígi sósíalismans í heiminum í dag, Kínverska Alþýðulýðveldið, og er ætlað það hlutverk að ata auri byltingarsinnaða öreigapólitík kínversku kommúnistanna og er þar með opinská og fyrirlitleg árás á öreigastéttina og marxismann.

Hversvegna ræðst Fylkingin á sósíalismann?

Um allan auðvaldsheiminn í dag undirbýr borgarastéttin sig fyrir vaxandi stéttaátök á allan hátt - efnahagslega, pólitískt og hernaðarlega. Samfara dýpkandi kreppu er harðari stéttabarátta og aukinn styrkur byltingaraflanna. Og til að framfylgja markmiðum sínum nýtur borgarastéttin dyggilegrar aðstoðar þjóðfélagslegrar höfuðstoðar sinnar - sósíaldemókratanna. Þetta sést hvert sem litið er. Alls staðar ganga þeir í broddi fylkingar auðvaldsins og vinna að launalækkunum og auknu arðráni á verkalýðnum, treysta betur kúgunartæki auðvaldsins (lögreglu, her, lög og þvingunarstofnanir) og miðstýringu valds þess, og ráðast alls staðar með offorsi á byltingarsinnaða baráttu verkalýðsins og framvarðarsveit hans.

Hér á Íslandi gegnir Alþýðubandalagið einmitt þessu hlutverki. Ekki þarf annað en benda á allt starf AB-forystunnar, þátttöku í borgaralegum ríkisstjórnum, gegnumsýrða stéttasamvinnupólitík hennar í öllum málum, hvort sem er í verkalýðsfélögunum, á þingi eða utan þess. Launaskerðingaráform auðvaldsins leiðir hún til sigurs, verkföll verkalýðsins leiðir hún til ósigurs fyrir hann, hún þróar kúgunartæki borgarastéttarinnar (efling landhelgisgæslunnar, ríkislögregla), hún heldur verkalýðnum í viðjum borgaralegrar umbótastefnu og þingræðispólitíkur og ræðst umsvifalaust á uppvaxandi byltingarsinnaða mótspyrnu meðal öreiganna. Hún níðir niður marxismann, sósíalísku ríkin og leiðtoga öreigastéttarinnar. Allt gerir hún þetta í þágu auðvaldsins gegn verkalýðnum.

Hvers vegna gengur Fylkingin sömu erinda?

Það er vegna þess, að Fylkingin er smáborgaraleg pólitísk samtök. Hún á sér rætur í hentistefnupólitíkinni, sem vann sigur í KFÍ. Saga hennar og starf hefur alla tíð einkennst af smáborgaralegri pólitík og hreinum fjandskap við vísindalega sósíalismann (afstaða hennar til Stalíns, til Kína í dag, vinsamleg afstaða og samskipti við sósíalheimsvaldastefnuna í Sovétríkjunum). Eins og forystumenn Fylkingarinnar hafa sjálfir sagt ætlar hún ekki að vinna að stofnun kommúnistaflokks (sjá Neista 4. tbl. ´73) og öll barátta hennar gengur út á umbætur handa verkalýðnum og ekkert annað.

Í raun og sannleika er hún algerður halaklepri sósíaldemókratanna í AB-forystunni og það er ástæðan fyrir því að hún hefur eðlislega nákvæmlega sömu pólitík (sjá landhelgismálið, herstöðvamálið o.fl.) og gengur sömu erinda (andstaða gegn byltingarbaráttu og sósíalismanum).

Fylkingarmeðlimir klippa úr Neista, áður en þeir selja hann.

Viðbrögð meðlima Fylkingarinnar við þessari grein voru m.a. þau á Akureyri, að þar var stimplað yfir greinina (sjá mynd) eða bls. 5-6 hreinlega klippt út, áður en blaðið var selt. Þetta bendir til, að einhverja smáglætu af heiðarleik sé að finna meðal óbreyttra liðsmanna Fylkingarinnar, þótt þetta athæfi þeirra yrði þeim nú samt til athlægis, sem kom fram í því, að þeir hrópuðu til verkamanna, er voru að fara á fund hjá Einingu, að þeir skyldu lesa Neista - en þá kölluðu KSMLfélagar hvetjandi: "Já, og lesið sérstaklega bls. 5 og 6!"

En það er einmitt til þessara aðila innan Fylkingarinnar, er enn hafa ekki algerlega ánetjast hinni rotnu, gagnbyltingarsinnuðu pólitík Fylkingarinnar, sem við beinum þeirri áskorun, að þeir yfirgefi smáborgarana og gangi til liðs við raunsannan framvörð verkalýðsins - KSML og taki þátt í markvissu starfi fyrir uppbyggingu kommúnistaflokksins, meðan Fylkingin eltist endalaust við skottið á sjálfri sér úti í feninu.



6

NEISTAR utan úr heimi ★

FRAKKLAND

EKKI ORKUSKORTUR HELDUR OFFRAMLEIÐSLA

INDONESIA

[redacted]

ARGENTINA

USA

ENN UM LÍFEYRISSJÓÐINA

HUGMYNDAFRÆÐILEG HERVÆÐING AFTURHALDSINS

Nú væla borgararnir vegna Solzhenitsyn!

HVAR VORU TÁRIN ÞEGAR 30.000 VERKAMENN VORU MYRTIR Í CHÍLE

Hvað er það sem opnar rússneska rithöfundinum, Alexander Solzhenitsyn leið að köldum hjörtum vestrænna heimsvaldasinna? Hver er ástæðan fyrir því að samlandi hans og trúðfífl borgarastéttarinnar, V. Askenazy er trekktur upp á síðum Morgunblaðsins til að hæla þessum rithöfundi? Hvers vegna berjast borgarar Evrópu um þann heiður að fá að veita A. Solzhenitsyn landvistarleyfi? Svarið er eitt: A. Solzhenitsyn er svarinn fjandmaður verkalýðsins og hugmyndafræðingur arðránsins.

Solzhenitsyn hefur aldrei verið marxisti!

Í lygasögnum sínum, sem Solzhenitsyn kallar sagnfræðirit, segir hann frá því er hann var samfanga Eistlendingi nokkrum, sem útmálaði fyrir honum dýrðir hins borgaralega þingræðis. Þessi fyrstu viðkynni hans við borgaralegt þjóðfélag vöktu með honum þrá og sannfæringu um að verkalýðsríkið væri óréttlátt og rangt, en að ríkisvald arðránsins væri göfugt og gott. Hins vegar segir Solzhenitsyn ekki frá því, hvers konar borgaralegt þingræði ríkit í Eistlandi á þessum árum. Þá ríkti nefnilega stjórn samtaka sem nefndu sig Járnúlfurinn og voru fjármögnuð og styrkt af nasistaböðlum Hitlers. Í þessu sæluríki hins borgaralega þingræðis voru verkamenn teknir af lífi fyrir skoðanir sínar svo þúsundum skipti. Samtaka-, persónu- og skoðanafrelsi voru ekki til, landið var undir járnhæl fasismans.

Og Solzehenitsyn afhjúpar sig enn frekar. Hann minnist ekki einu orði á þær ofsóknir og kúgun, sem kommúnistar eru beittir í Sovétríkjunum í dag, hann minnist ekki á þá valdbeitingu, sem lögregla og her endurskoðunarsinnana nota gegn verkalýðnum í heimalandi hans. (Um það má lesa annars staðar í þessu blaði). Solzhenitsyn er yfirleitt alveg sama um örlög verkalýðsins, fyrir honum vakir aðeins eitt, að hann hafi frelsi til að breiða út lygaáróður og óhróður sinn um land öreiganna, um leiðtoga þeirra Lenín og Stalín og um hefðir og hugsjónir verkalýðsstéttarinnar. Solzhenitsyn hefur aldrei verið marxisti, þvert á móti hefur hann alla tíð verið hlynntur arðránsstéttinni og auðvaldsskipulaginu.

Lýðræðisvæl íslensku borgarablaðanna!

Íslenska borgarapressan setur nú fram hverja greinina annarri mergjaðri um valdbeitingu gegn andans mönnum, ryðgaðir auðvaldspennar á borð við Halldór Laxness eru dregnir fram á sjónarsviðið til að lýsa því yfir, að ríkisstjórnir gegn rithöfundum séu fasismi. Hvílík útþvæld röksleysa og smásálarleg fagleg þröngsýni! Milljónir kommúnista, verkamanna og minnihlutaþjóðerna eru myrtar í gasofnum nasistanna og svo koma lærðar kerlingar eins og Halldór Laxness fram og slá um sig með rithöfundaofsóknum og fasisma!

Sami rithöfundur var, ef ég man rétt, dreginn fyrir óamerísku nefndina á sínum tíma. Kollegi hans, Þórbergur Þórðarson, var dæmdur hér á Íslandi fyrir landráð 1934, og þau landráð fólust í því, að hann hafði ærumeitt Adolf Hitler, sjálfan æðstapáfa morðvarganna í Þýskalandi nasismans!! Verkamenn sem dreifðu dreifiritum á stríðsárunum voru umsvifalaust dæmdir og fangelsaðir fyrir vikið, ritstjórar Þjóðviljans voru sendir í fangabúðir til Englands fyrir skrif sín. Hvar voru lýðræðishetjur íslensku borgarapressunnar þá?

Ein milljón kommúnista voru sviptir lýðræðislegum réttindum sínum með aftöku í Indónesíu 1965, 30.000 manns voru myrtir á svívirðilegan og miskunnarlausan hátt í Chile af fasistum eftir valdarán hersins, tugir þúsunda kommúnista og verkamanna hafa verið fangelsaðir og myrtir í Indlandi, Bangla Desh, tugir þúsunda frelsishetja í portúgölsku nýlendunum í Afríku hafa verið drepnir á hinn ófyrirleitnasta máta. Hvar voru lýðræðispáfar íslensku borgarapressunnar þá?

Lýðræðisvælið út af Solzhenitsyn verður að aumkvunarverðu og fyrirlitlegu lýðskrumi þegar tekið er tillit til þess, að sömu greinarhöfundar horfðu með þegjandi samþykki á morðvarga bandarísku heimsvaldastefnunnar murka lífið úr konum og börnum í Víetnam. Skriðdýrsháttur frjálshyggjunnar fyrir auðvaldinu og afturhaldinu opinberar sig ákjósanlega í skrifum þessara herra, þeir hafa valið að fylkja liði með sveitum arðræningja og kúgara.

Stéttabaráttan er eina blaðið á Íslandi sem hefur tekið upp málstað verkalýðsins og hinnar kúguðu alþýðu nýlendnanna. Þess vegna fordæmum við Solzhenitsyn og rógskrif hans um sósíalismann og verkalýðsstéttina.

kg

JÓHANN HAFSTEIN - HITLERSINNI Í KROSSFERÐ GEGN KOMMÚNISMANUM!



Menn hafa ef til vill veitt því athygli, að undanfarið hafa birtst á síðum Morgunblaðsins "helstefnugreinar" Jóhanns Hafsteins. Nú er það svo, að Jóhann beinir skeytum sínum að Alþýðubandalaginu og ber upp á forystu þess hollustu við kommúnismann. Raunar ættu 40 ára undanfærslur og órökkstuddar afsakanir þessarar forystu, sem fyrir löngu hefur svikið málstað verkalýðsins og hugsjónir kommúnismans að nægja til að sýna hverjum óvitlausum manni fram á að í röðum Alþýðubandalagsins er engan kommúnista að finna. Að ætla slíkt er að fara í geitarhús að leita ullar. En Jóhann hefur vegna almenns hugarvolæðis síns og skilningsskorts á alþjóðastjórnmálum ekki skilið hvert þróun undanfarinna áratuga hefur leitt. Þar sem hann af einsýni sinni sér enn kommúnismann, þar ríkir í dag stétt sem sækir meira til þeirra andlegu lærifeðra Jóhanns, sem myrtu milljónir kommúnista í Þýskalandi og Ítalíu á styrjaldarárunum, en Jóhann nokkru sinni sjálfur. Munurinn á fasismanum í Sovétríkjunum og í hugskotum þessa íslenska þjóðrembingsmanns, er aðeins sá, að í Sovét er fasisminn í framkvæmd undir yfirskini "sósíalisma" - hjá Jóhanni er fasismi draumsýn undir yfirskini lýðræðisins.

HITLER BOÐAÐI SAMA ÞJÓÐREMBING, SÖMU STÉTTASAMVINNU OG JÓHANN!

Við upprifjun kjörorða þýsku nasistaböðlanna koma manni ósjálfrátt í hug kjörorð sjálfstæðisstefnunnar. Hitler öskraði í lýðskrumsræðum sínum á þriðja og fjórða áratugnum: "Eitt ríki, ein þjóð, einn leiðtogi." Við valdatöku nasistanna voru verkalýðsfélögin lögð niður, samtaka og skoðanafrelsi verkalýðsins var bannað, stéttabaráttan var með öllu bannlýst, verkföll voru ólögleg, aðrir flokkar ekki leyfðir o.s.frv.
Þó að Jóhann taki ekki fullt eins djúpt í árinni, er hann sama andans barn. Það þarf ekki annað en skoða ræður hans og skrif frá 1939 til að sannfærast um skyldleikann. Í fyrirlestri, sem nefndist "Sjálfstæðisstefnan" segir:

"Kraftur sjálfstæðisstefnunnar er fólginn í því, að skapa arðinn, hann beinist að auðsöfnun framar auðjöfnun."

Þessi fyrsta yfirlýsing gefur til kynna hvaða stétt Jóhann þjónar. Þó að hann hafi aldrei lyft hendi til annars en að draga tappa úr flösku, hvað þá skapa arð, lýsir hann því yfir, að hann sé fyrir arðsöfnun, en ekki arðjöfnuð. Auðstéttin sem ekki skapar arðinn, á samkvæmt Jóhanni að safna honum, en alls ekki jafna honum, til þeirra sem skapa arðinn: verkalýðsins. Jóhann er opinskár og ósvífinn talsmaður arðráns og kúgunar.
Fleiri gullkorn:

"En hagur einnar stéttar er hagur heildarinnar - og hrun einnar stéttar skaði eða ef til vill hrun heildarinnar eftir atvikum. Í fullri vissu um gildi þessa "eðlilega" lögmáls, hefur sjálfstæðisstefnan tekið upp kjörorðið: STÉTT MEÐ STÉTT."

Gamli nasistavaðallinn skín í gegnum málflutninginn. Er hagur hins arðrænda og kúgaða verkalýðs að stuðla að hag kúgara sinna og arðræningja? Þýðir hrun auðvaldsins skaða fyrir verkalýðinn? Er það skaði hins kúgaða og arðrænda að steypa kúgara sín sínum í glötun? Nei, vissulega ekki. Þannig getur aðeins sá talað, sem ber hag kúgaranna fyrir brjósti. Sá, sem afneitar stéttabaráttunni og talar fyrir stéttasamstarfi, hann sér hagsmunum sínum ógnað í glötun hinnar kúgandi stéttar.

Kúgaðar þjóðir vilja frelsi - ósjálfstæð lönd vilja sjálfstæði og alþýðan vill byltingu! Þetta er hið "eðlilega" lögmál sem ríkir og stýrir heimsþróuninni í dag, lögmál sem knýr óþyrmilega á dyr arðræningja heimsins í dag og talsmanna þeirra.

Og Jóhann klykkir út með slagorði nasistanna: "Ísland fyrir Íslendinga!" Reyndar hafa hjáróma raddir þjóðrembingssósíalistanna í AB tekið undir þetta sama slagorð og milli þeirra og Jóhanns ríkja auðsæilega deilur um, hvor sé ofstopafyllri og ófyrirleitnari þjóðernissinni. Jóhann brigslar AB-forystunni um drottinhollustu við sósíalheimsvaldastefnuna í Kreml, en AB-forystan sakar Jóhann um landráð. Þegar Jóhann segir í Morgunblaðinu 7. febrúar 1974, að allir kommúnistar syngi í kór: "Við erum engir kommúnistar, það er bara grýla," þá á hann við kratana í forystu Alþýðubandalagsins.

Við kommúnista í Kommúnistasamtökunum m-l segjum: Við erum sannir kommúnistar, arftakar Kommúnistaflokks Íslands, fylgjendur Marx, Engels, Leníns, Stalíns og Maós, sem höfum sett okkur það stefnumið að byggja kommúniskan byltingarflokk, sem verður fær um að leiða íslenskan verkalýð til sigurs yfir því arðræningja- og kúgarahyski, sem þú ert fulltrúi fyrir. Hafir þú eitthvað illt um verkalýðinn, forystumenn hans og sögu að segja, munum við standa til svars. Þér eru búin sömu örlög og auðvaldinu sem steypt var af stóli í október 1917 í Rússlandi og í desember 1949 í Kína.

Niður með kapítalismann! Lifi sósíalisminn! Stétt gegn stétt!

KG

Hér til hliðar getur að líta 6. síðu úr 1. tbl. NEISTA 1974, eftir að Fylkingarfélagarnir á Akureyri höfðu ritskoðað hann. En að strika út eina grein nægir ekki til að gera NEISTA að sósíalisku málgagni - pólitíkin á öllum 8 síðum blaðsins rennir stoðum undir það, að pólitík Fylkingarinnar er smáborgaraleg. - Fylkingin er hali Alþýðubandalagsins.

Um utanríkispólitík Kína.

KSML hafa nokkrum sinnum birt í Stéttabaráttunni greinar um ákveðin atriði utanríkispólitíkur Kína og í þessu blaði er að finna grein um afstöðu Kína til ástandsins í Mið-Austurlöndum og kafla úr ræðu fulltrúa Kína hjá Sameinuðu Þjóðunum (Chiao Kuan Hua). Að sjálfsögðu er ekki hægt að gera þessu máli nein endanleg skil í eitt skipti fyrir öll og munum við halda áfram að birta greinar um afstöðu Kínverja til einstakra mála, svo og um grundvallarþætti í byltingarsinnaðri utanríkispólitík sósíalískra ríkja. Í næsta blaði munum við birta grein um afstöðu Kína til þeirra mála, sem tekin eru upp í 1. tbl. Neista ´74, og gera þeim ítarleg skil.

ss



Baldur Andrésson sem gestur á 16. þingi Komsomol.

Eins og Stéttabaráttan hefur áður bent á hefur Fylkingin góð tengsl við sósíalheimsvaldasinnana í Kreml. Undanfarin ár hefur Fylkingin öðru hvoru sent meðlimi sína á skóla í Moskvu (Komsomol) til þess að nema nýjustu falsanir og afbakanir á marxismanum-lenínismanum. Myndin sýnir einmitt einn af meðlimum Fylkingarinnar, Baldur Andrésson, á þingi Komsomol ´70, og birtist þessi mynd í "Fréttir frá Sovétríkjunum", októberheftinu 1973. Ekki að furða þó Fylkingin taki undir með endurskoðunarsinnunum í árásum þeirra á sósíalismann!

Lesið bæklinga KSML

REYNSLAN AF KJARABARÁTTUNNI.
(Ályktun Alþjóðasambands Rauðra Verkalýðsfélaga frá 1929 um baráttuaðferðir í verkföllum). Kr. 50.-

UM VERKFÖLL. (eftir Lenín)
(Stutt, greinargóð skilgreining, sem tekur fyrir almenn atriði um eðli og orsakir verkfalla). Kr. 50.-

DÍALEKTÍSKA OG SÖGULEGA EFNISHYGGJAN (eftir Stalín)
(2. námsfundur í námshring KSML með formála og eftirmála KSML) Kr. 100.00

UM FLOKKINN
(8. námsfundur í námshring KSML með formála KSML) Kr. 100.00

ÁLYKTANIR 1. RÁÐSTEFNU KSML
Niður með hægrihentistefnuna! Lifi baráttan fyrir kommúniskum byltingarflokki!
LENÍN STALÍN forlagið

LENÍN STALÍN forlagið

Út er kominn nýr bæklingur hjá KSML sem hefur að geyma samþykktir og niðurstöður 1. ráðstefnu KSML, er haldin var 27. - 30. des. 1973.
Í bæklingnum er að finna uppgjör við hægrihentistefnuna og samþykktir um einstök mikilvæg mál, svo sem þjóðernismálið, landhelgismálið, Atlantshafsbandalagið, afstöðuna til ríkisvaldsins og hins borgaralega flokkakerfis á Íslandi og afstöðuna til auðvaldskreppunnar.

Verð bæklingsins er 150.oo kr.


RAUÐI FÁNINN

3-4 tbl. Rauða Fánans, fræðilegs málgagns KSML er komið út.
LESIÐ RAUÐA FÁNANN!
Meðal efnis er:
Leiðari, er fjallar um uppgjörið við hægri hentistefnuna.
Skýrsla Chou En-lais til 10. landsþings KFK.
Um sósíalheimsvaldastefnuna.
Um stéttabaráttuna í flokknum.
Ennfremur: 4 greinar er fjalla um pólitísku hagfræðina, og eru birtar sem liður í uppgjörinu við hægri hentistefnuna.
Verð kr. 100.oo
LESIÐ RAUÐA FÁNANN!

Námshringur KSML

Endurbætti námshringurinn lítur þannig út:

1. Kommúnistaávarpið Marx/Engels (Úrvalsrit I).
2. Díalektíska og sögulega efnishyggjan Stalín (bæklingur KSML).
3. Grundvöllur pólitísku hagfræðinnar (Fjölritaður bæklingur KSML).
4. Um ríkið og byltinguna Lenín (Ríki og bylting).
5. Um flokkinn Lenín/Stalín (bæklingur KSML).
6. Pólitík KSML (Rauði fáninn nr. 1 frá stofnþingi KSML og nýr bæklingum, sem inniheldur ályktanir 1. ráðstefnu KSML).



Hafið samband við KSML

AKUREYRI: Hafið samband við fulltrúa KSML:Guðmund Ármann Sigurjónsson, Brekkugötu 29, P. Box 115.
REYKJAVÍK: KSML Skólastræti 3b, eða P. Box 1357.

Í Reykjavík hafa KSML opnað vísi að bókabúð í Skólastræti 3 b.
Þar er hægt að kaupa allt útgáfuefni samtakanna og ýmiss rit marxismans-lenínismans, sem hafa verið gefin út á íslensku.
Einnig er þar fulltrúi fyrir samtökin til viðtals.
Opið á :
þriðjudögum kl. 14.3o - 18.oo
miðvikudögum kl. 14.3o - 18.oo
föstudögum kl. 15 - 20.
laugardögum kl. 10 - 12 og 14 - 17.

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI

„SAMSTAÐA" með borgarastéttinni

Þessari grein er ætlað að slá á móti fölsunum herstöðvaandstæðinga og "róttækra" stúdenta á frumkvöðlum marxismans-lenínismans, og sýna fram á hvernig afstaða þessara aðila virkar sem stuðningur við borgarastéttina. Til hliðsjónar við samningu þessarar greinar eru Samstaða, málgagn Samtaka herstöðvaandstæðinga, jan.-feb. ´74, og Stúdentablaðið 1. des. 1973.

Höfuðgreinin í Samstöðu, jan.-feb. hefti 1974, er skrifuð af einum hugmyndafræðingi smáborgaranna á Íslandi, Þresti Ólafssyni, og ber hún titilinn Herstöðvamálið. Öll þessi grein er full af rangtúlkunum, lygi og gegnborgaralegum "staðreyndum" og niðurstöðum. Höfundur talar fjálglega um nauðsyn þess að berjast gegn heimsvaldastefnunni, en hefur greinilega ekki hugmynd um hvað heimsvaldastefna er. Heimsvaldastefnan er hagfræðilegt þróunarstig auðvaldsins. Á tímabili heimsvaldastefnunnar er ekki hægt að tala um þjóðlegar borgarastéttir, nema í nýlendum og kúguðum löndum, því auðmagnið er alþjóðlegt, alheimsborgarastétt er til orðin. Samkvæmt skilgreiningu Leníns, var þróunin komin á þetta stig í heiminum um síðustu aldamót. Þröstur talar hinsvegar um, að þjóðlegar borgarastéttir hafi verið til í heimsvaldalöndunum fram yfir síðustu heimsstyrjöld, en að stofnun NATO marki fæðingu alheimsborgarastéttarinnar.

"...voru við lýði ríkisherir í hverju landi til að tryggja drottnunaraðstöðu þeirrar stéttar (þjóðlegrar borgarastéttar), sem knúði þróunina áfram í krafti yfirráða yfir auðmagni..."

"...Á síðustu 20 árum hefur þetta gjörbreyst...nú hafa verið mynduð hernaðarbandalög víðsvegar um heim til að auðvelda og tryggja drottnun nýrrar borgarastéttar..."

Þetta er skilgreining Þrastar á þróun heimsvaldastefnunnar, en hún er alröng og á sér ekki stoð í raunveruleikanum. Hún er sett fram til að undirbyggja þá skilgreiningu, að "Ísland sé nýlenda með óþjóðlega borgarastétt og að herinn á Keflavíkurstöðinni sé aðili sem kúgar íslenska alþýðu."

Þá er því haldið fram í grein Þrastar, að herinn sé baktrygging íslensku borgarastéttarinnar gegn valdbyltingu verkalýðsins. Þetta er alrangt og nægir að benda á það, að í hörðustu stéttaátökum sem orðið hafa á Íslandi, á fjórða áratugnum, var enginn NATO her.

Það er eitt af einkennum allra skrifa þessara skrifborðs"byltingamanna", að þeir byggja alla sína taktík á einhverjum hugdettum, en rannsaka ekki nokkurn skapaðan hlut og byggja síðan taktíkina á hlutstæðri rannsókn. Þeir malda í móinn og segja: "Gæti ekki verið að bandaríski herinn grípi inn í byltinguna hér á landi?" Auðvitað verður að gera ráð fyrir þeim möguleika, að alheimsauðvaldið reyni að koma stéttarbræðrum sínum hér á Íslandi, borgarastéttinni, til hjálpar. En eitt af hlutlægum skilyrðum fyrir því, að verkalýðurinn geri byltingu, er að alheimsauðvaldið sé svo sundrað, t.d. sökum alyfirtækrar kreppu eða styrjaldar, að það geti illa eða ekki gripið inní. Þessum mönnum er fyrirmunað að líta á hlutina út frá díalektíkinni og vinna vísindalega að kollvörpun auðvaldsþjóðfélagsins.

"Ef herinn fer, er um leið skorið á mikilvæg (efnahagsleg) tengsl íslenskrar borgarastéttar við verndara sína..."

Þarna orðar Þröstur draum smáborgaranna um að einangra íslenskt auðvald, en hann athugar ekki, að á tímabili heimsvaldastefnunnar er auðmagnið alþjóðlegt og því allir draumórar um "lítið og sætt" þjóðlegt auðvald eru út í hött. En þessu marki er barátta herstöðvaandstæðinga brennd, hún er háð undir merkjum þjóðrembingsins og er algjör svik við alþjóðahyggju öreiganna. Þröstur Ólafsson orðar þetta raunar hreint út, þegar hann segir:

"Við verðum að höfða til þjóðernistilfinningarinnar, því hún er mjög mikilvæg á tímum árásarglaðrar og vaxandi heimsvaldastefnu."

Það er gaman að geta verið "byltingarsinnaður" og tala um borgara og öreiga í einu orði, en hvetja svo til "þjóðarsamstöðu" í öðru. Hvar er stéttabaráttan núna, Þröstur? En þá fyrst fer Þröstur á kostum, þegar hann leggur upp línuna fyrir baráttuna gegn íslensku borgarastéttinni:

"Auglýsa skal þau fyrirtæki sem mest viðskipti hafa við herinn og setja þau í viðskiptabann."

Þannig væri lengi hægt að halda áfram að telja upp hortitti og gegnrottnar borgaralegar skilgreiningar upp úr grein Þrastar, sem allar þjóna því markmiði að dylja stéttaandstæðurnar innan íslenska auðvaldsþjóðfélagsins, og stuðla þannig að áframhaldandi kúgun á íslenskum öreigum. Við marxistar-lenínistar vísum Þresti Ólafssyni og þjóðrembingssósíalisma hans algerlega á bug, en setjum alþjóðahyggju öreiganna í fyrirrúm alls okkar byltingarstarfs.

"Marxismi" háskólastúdenta.

Víkjum nú frá Þresti Ólafssyni og að háskólastúdentunum. Ein greinin í 1. des. blaði þeirra ber fyrirsögnina: NATO og heimsvaldastefnan. Eins og í grein Þrastar er alveg farið framhjá því að minnast á, að heimsvaldastefnan sé sérstakt hagfræðilegt þróunarstig auðvaldsins. Ef til vill eru þeir hræddir við að einhver fari að spyrja, hvert þróunarstig íslenska auðvaldsins sé og þá kynni fallega kenningin um, að Íslendingar (jafnt öreigar og borgarar að sjálfsögðu) séu kúgaðir af bandarísku heimsvaldastefnunni að falla.

Gott dæmi um hversu stúdentarnir eru algerlega ófærir um að skilja eðli heimsvaldastefnunnar er, hvernig þeir flokka heimsvaldalönd og telja þau mismunandi slæm, sumar borgarastéttir eru hreint ekki svo afleitar, aðrar slæmar. Afstaða marxista-lenínista er, að engin heimsvaldasinnuð borgarastétt sé annarri betri. Þannig er afstaða þeirra til heimsvaldastríðs, að reyna að snúa því uppí byltingu, en ekki leggjast á sveif með þeirri borgarastéttinni sem "skárri" er, því um slíkt er ekki að ræða. Þetta vilja háskóla"byltingamennirnir" ekki viðurkenna, kannski vegna þess að það myndi afhjúpa smáborgaralega afstöðu þeirra til landhelgismálsins, þar sem heimsvaldasinnaðar borgarastéttir tókust á í baráttu um yfirráð yfir hráefnalindum. Alla sína krafta helga þeir baráttunni gegn bandarísku heimsvaldastefnunni, því hún er jú voða slæm, og meira en það, hún er allra verst af öllu, sbr.:

"...hér verður fyrst og fremst fjallað um bandarísku heimsvaldastefnuna, sem er höfuðóvinur mannkynsins nú á tímum." (NATO og heimsvaldastefnan, bls. 16, Stúdentabl. 1. des.)

Einhvern veginn hljómar þetta eins og því hafi verið snýtt útum nösina á Einar Olgeirssyni. Hann hefur alltaf reynt að verja íslenska borgarastétt með því að tala sínkt og heilagt um þá hættu, sem mannkyninu stafi af bandarískri heimsvaldastefnu. Enda er þess ekki langt að bíða að í greininni komi:

"Rökrétt afleiðing af þessu er sú, að Ísland er eitt af þeim löndum sem bandaríska heimsvaldastefnan hefur tök á." (Sama grein)

Þjóðrembingspólitík sína reyna þessir menn að fela á bak við tilvitnun í Lenín, en auðvitað er það ekki nein sönnun þess, að þeir fari með rétt mál - þeir eru aðeins að reyna að heimfæra ranga pólitík uppá marxismann-lenínismann. Allir sem lesið hafa Lenín vita, að sú stjórnlist sem hann leggur upp fyrir kommúnista að starfa eftir í heimsvaldasinnuðu auðvaldsþjóðfélagi er stétt gegn stétt. Slíkar rangfærslur sem háskólastúdentar viðhafa á frumkvöðlum marxismans-lenínismans er ein af aðferðum borgaranna til að draga byltingarbroddinn úr fræðikenningu öreigastéttarinnar. Það er ekki ónýtt fyrir borgaranna, að allir "byltingarsinnar" beini kröftum sínum gegn bandarísku heimsvaldastefnunni - íslensku heimsvaldaborgararnir eru þá óhultir á meðan.

Við marxistar-lenínistar leggjum upp baráttuna gegn heimsvaldastefnunni á grundvelli alþjóðahyggju öreiganna - með því að vinna að kollvörpun auðvaldsins í eigin landi, styðjum við baráttu öreiga annarra landa. Byltingarsamtök eru í eðli sínu andheimsvaldasinnaðasti framvörður sem hugsast getur, þess vegna leggjum við krafta okkar í að byggja upp kommúnistaflokk, en eltumst ekki við "byltingarsinnaðar samfylkingar gegn heimsvaldastefnunni", smáborgarasamtök á borð við Samtök herstöðvaandstæðinga.

Við skorum á alla, sem berjast vilja gegn innlendu og erlendu auðvaldi að taka þátt í námsstarfi KSML og taka þátt í uppbyggingu kommúnistaflokks. Byltingarsinnað námsstarf er alþjóðahyggja öreiganna í verki.

Ó. I.

Vestur-Þýskaland: HARÐNANDI STÉTTABARÁTTA

Aldan af sjálfsprottnu ólöglegu verkföllunum, sem hefur flætt yfir Vestur-Þýskaland að undanförnu, hefur greinilega skelft vestur-þýsku kapítalistana og hlaupatíkur þeirra, hina sósíaldemókratísku stjórn Brandts. Yfir fimmtíuþúsund verkamenn í málmiðnaðinum hafa farið í verkföll, þar af 17.000 hjá Opel/Bochum og 15.000 hjá Ford/Köln. Við síðarnefndu aðgerðirnar, hinn 30. ágúst, var lögreglunni beitt gegn verkfallsmönnum, með þeim afleiðingum, að nokkrir verkamannanna særðust. Ennfremur kom til átaka eftir að lögreglan hafði fangelsað nokkra af leiðtogum verkfallsmanna.

Áður en stjórnin beitti ríkisvaldinu gegn verkamönnunum, hafði hún gert örvæntingarfulla tilraun til að kalla saman "aðila vinnumarkaðarins", verkamenn og vinnuaflskaupendur, til "skynsamlegra viðræðna". Öll sósíaldemókratíska áróðursvélin var sett af stað til að fá verkamennina til að skilja, að ólögleg verkföll væru skaðleg fyrir "alla aðila" og fyrir "efnahag þjóðarinnar". Brandt hefur haldið fjölda funda með atvinnurekendum og fagfélagsbroddunum til að samræma aðgerðirnar til að brjóta á bak aftur verkföll verkamannanna. Vestur-þýskir kapítalistar hafa einnig séð fyrir löngu kosti stéttasamvinnunnar: Samstarfið milli ríkisstjórnarinnar, kapítalistanna og verkalýðsforingjanna með hinu tvíþætta markmiði, að viðhalda arðráninu og kúguninni á verkalýðsstéttinni og að berja verkalýðinn niður, þegar hann gengur til baráttu, hvort heldur fyrir kjarabótum eða í meðvitaðri stéttabaráttu.

Síðasta verkfallsalda átti sér bæði pólitískar og efnahagslegar ræður. Verkfallskröfur Ford-verkamanna voru þannig að hluta til um launahækkanir. Það hafa orðið gífurlegar verðhækkanir í V-Þýskalandi að undanförnu og raunlaun verkamanna hafa lækkað mikið síðustu árin. Einnig settu þeir fram kröfur um að hægja vinnuhraðann og lengja sumarfrí í 6 vikur og síðast en ekki síst pólitísk krafa um að draga til baka, að 300 tyrkneskir verkamenn væru reknir. Þetta síðasta táknar breytingu, sem getur haft mikil áhrif á komandi stéttabaráttu í Vestur-Þýskalandi. Hingað til hafa borgararnir og ríkisstjórnin náð vissum árangri við að sundra verkamönnunum, stundum með hinni hefðbundnu "deildu og drottnaðu" pólitík. Þegar Ford-verksmiðjan rak 300 Tyrki án fyrirvara, lögðu vinnufélagar þeirra niður vinnu í mótmælaskyni.

Auðvitað hafa sósíalfasistarnir notað sér tækifærið til árása á "öfgahópana", sem "nota sér ólöglegu verkföllin í pólitískum tilgangi" (eins og Brandt orðar það). En þessar árásir munu að lokum vekja enn öflugri baráttu gegn sósíalfasistunum. Fleiri og fleiri verkamenn, sérstaklega ungir verkamenn í V-Þýskalandi hafa séð, að hin vaxandi kommúníska hreyfing í landinu er það sem koma skal, því hún er í þágu hagsmuna þeirra.

Sjálfsprottnu verkföllin í Vestur-Þýskalandi eru greinilegt merki vaxandi ólgu, sem grípur um sig í auðvaldsheiminum, samhliða harðnandi kreppu. Þetta setur kommúnistum það verkefni á herðar, að auka áróður sinn fyrir sósíalisku byltingunni og reyna að ná forystu fyrir hinni sjálfsprottnu hreyfingu, gera hana meðvitaða.

ÁÁ RB



Sósíaldemókratarnir í Þýskalandi undirbyggja fasismann. "Friðarverðlaunahafinn" Brandt beitir nú kúgunartækjum ríkisvaldsins gegn þýskum verkalýð.

VÍETNAM: Þverrandi baráttuþrek Saigonhersins



Upplausn í herbúðum heimsvaldasinna. - Hermenn Saigon-stjórnarinnar á flótta undan sigursælum herjum Þjóðfrelsisfylkingarinnar.

Saigon 16/12. Á tæpu einu ári, sem liðið er síðan friðarsamningarnir voru undirritaðir í París, hefur baráttuþrek margra sveita Suður-Víetnamshers dvínað gífurlega. Þessi dvínun baráttuþreksins hefur tilhneigingu til að vera meira í almennum hersveitum og heimavarnarliðum en í sérhæfðari hópum eins og flug- og sjóhernum. En í öllu landinu má merkja þreytu vegna atburða baráttunnar, sem augsjáanlega er endalaus. Saman við þetta ástand blandast mikil verðbólga, sem gerir hermennskuna enn óbærilegri en ella.

Hin mikla taugaspenna síðustu ellefu mánuði kemur fyrst fram í hernum, og jafnframt í gervöllu þjóðfélagi S.-Víetnams. Hermenn og fólk úr heim heimavarnarliðinu er oft staðið að ránum og ýmis konar ofbeldi. Sjálfsmorð eru algengir viðburðir.

Í Saigon var foringi í lífvarðarsveit varaforsetans dæmdur í 10 daga fangelsi fyrir fjarveru án leyfis. Á fjórða degi fangavistarinnar tókst honum að fá í hendur M16 riffil og skaut yfirforingja. Að því loknu drap hann sjálfan sig.

Lagaleysi, þjófnaðir, eiturlyfjanotkun og vændi er daglegt brauð í Saigon. Mikill fjöldi unglinga stundar glæpi í stórum hópum, í stöðugri leit að peningum. Þessir unglingar klæðast samkvæmt amerískri tísku og hafa einnig tamið sér siðleysi og eiturlyfjanotkun sem borist hefur með bandarískum hermönnum. Hverjir bera ábyrgðina á þessari eymd? Það er Thieu-stjórnin, svikarar þjóðarinnar og handbendi bandarísku heimsvaldasinnanna.

Majór hótar hershöfðingja.

Majór nokkur, sem var orðinn auralaus, brá sér inn á skrifstofu hershöfðingja síns og bað um lán, miðandi byssu til frekari áréttingar. Hershöfðinginn lét undan.

Frá nokkrum sveitum berast þær fréttir, að hermenn noti vopn til að krefjast leyfis - og fái þau. "Aðeins þeir forhertustu eru fjarverandi án leyfis," sagði einn foringi, sem þekkti þessi mál af eigin raun. "Hinir vilja fá opinbera leyfisseðla, hvenær sem er." Annar foringi lét hafa eftirfarandi eftir sér:

"'Kunningjakerfið' er virkt hér. Ef þú vilt láta óbreyttan hermann gera eitthvað, verður þú að tala kurteislega við hann og spyrja hann, hvort hann vilji gera hitt og þetta. Ef hann hefur áhuga á því, gerir hann það, annars geturðu bara gleymt þessu. En umfram allt, skipaðu aldrei fyrir."

An Loc umkringt.

Á stöðum þar sem hermennirnir geta ekki gerst liðhlaupar, eins og þegar bærinn An Loc var umkringdur, sprettur upp mikil heróínneysla. Stjórnin hefur byrjað áróðursherferð til að kenna kommúnistum um innflutning heróíns.

Á útiveitingastað einum í Tay Ninh héraðinu sátu fjórir ungir hermenn og ræddu yfir ölglasi um það, hvernig væri best að hljóta sár. Sár, sem leiðir af sér örorku, fylgir lausn frá herþjónustu. Annars geta menn, sem kallaðir eru í herinn um tvítugt, búist við að vera þar allt þar til þeir verða 43 ára.

Le Hoang Lieng, grannur 24 ára hermaður, sagði frá því, að fyrir ári síðan hefði hann orðið fyrir skoti í fótinn. "Ef kúlan hefði bara farið aðeins ofar og hitt mig í hnéð," sagði hann napurt, "þá hefði ég losnað. Þetta dreymir okkur alla um." Þessi hermaður sagðist ekki vera því mótfallinn, að jarðsprengja sprengdi sundur á honum fótinn. "Ég gæti fengið mér tréfór, staulast um, fengið létta atvinnu og sest að einhvers staðar eins og venjulegt fólk."

Uppreisnir og liðhlaup.

Frá undirritun Parísarsamkomulagsins hafa 5810 þjóðlega sinnaðir hermenn gerst liðhlaupar frá herstöðvunum í Quang Ngai og Tra Vinh. Í desemberlok síðasta árs og janúarbyrjun 1974 gerðu hermenn í fimm sveitum heimsvarnaliðsins í þremur héruðum Suður-Víetnams endurtekin uppsteit og neituðu að hlýðnast skipunum um aðgerðir, sem beindust gegn fólkinu á staðnum. Yfir 50 hermenn frá þessum stöðum gerðust liðhlaupar á téðu tímabili.

Á seinnihelmingi ársins 1973 voru gerð 30 upphlaup og 100 ruddalegum foringjum refsað af "varnarsveitum almennra borgara" í fimm borgum. Miklum vopnabirgðum var komið til yfirráðasvæðis byltingarsinna. Í okt. og nóv. síðastliðinn gerðust um 5.000 þjóðlega sinnaðir hermenn liðhlaupar frá herjum Saigonstjórnarinnar í Mekong-óshólmunum. Þeir höfðu með sér mjög mikið magn vopna. Í bræði vegna endurtekinna brota Saigonstjórnarinnar á Parísarsamningnum, kveiktu þjóðlega sinnaðir hermenn í vopnabúri í birgðastaðnum Chau Doc þann 1. jan. s.l. Bruninn eyðilagði vopnabúrið algerlega og nokkra foringjabústaði umhverfis.

(Frá bráðabirgðabyltingarstjórninni)

Mið - austurlönd:

KÍNA STYÐUR FRELSISBARÁTTUNA

Tími: 2. október, 1973. Staður: aðalstöðvar Sameinuðu Þjóðanna í New York. Fulltrúi kínverska alþýðulýðveldisins, Chiao Kuan-hua, heldur ræðu á allsherjarþinginu.
Hann lýsir ástandinu í heiminum og bendir á hættuna á styrjöld, hann er harðorður í garð heimsvaldasinnanna og vopnabraks þeirra um allan heim.


Chiao Kuan-hua

Hann kemur inn á ástandið í Mið-Austurlöndum:

"Það er okkar skoðun, að hættan á kjarnorkustyrjöld (í Mið-Austurlöndum) sé helber uppspuni til að hræða alþýðuna. Það er ekki framsýnt að vonast til að leysa vandamálið þar með aðstoð stórveldanna eða Sameinuðu Þjóðanna. Eina leiðin er sjálfstæð barátta og traust á eigin kröftum. Alþýðulýðveldið Kína hefur aldrei stutt síonismann á neinn hátt. Það styður eindregið palestínska alþýðu og Araba í baráttu þeirra gegn ísraelsku síonistunum. Við erum sannfærðir um að palestínsk alþýða og alþýða annarra Arabaríkja munu, ef aðeins næst samstaða og baráttuþrek í baráttunni, með stuðningi alþýðu alls heimsins, yfirvinna hina ýmsu erfiðleika og endurheimta sín heilögu landssvæði og þjóðarréttindi."

Tveim vikum seinna brýst út styrjöld í Mið-Austurlöndum. Arabaríkin fara að ráðum Kínverja. Eftir átta daga styrjöld standast þeir ekki lengur kröfur stórveldanna um frið.

Chiao Kuan-hua tekur aftur til máls:

"Ef stríðsaðilar - ég endurtek stríðsaðilar - vilja hafa það svona, getum við ekkert gert, aðeins það að koma ekki í veg fyrir að tillagan verði samþykkt (þ.e.a.s. friðartillagan). Það er þó einlæg sannfæring okkar, að Arabar láti stórveldin ekki stjórna sér að eilífu. Sagan nær yfir langan tíma, alþýðan mun alltaf halda baráttunni áfram uns sigri er náð. Það sem nú hefur gerst mun verða litið á sem forspil eftir nokkra áratugi."

Ræða Chiao Kuan-hua hjá Sameinuðu Þjóðunum sýnir ótvíræða afstöðu hins sósíalíska Kína í málefnum Mið-Austurlanda og þróunarinnar í alþjóðamálum yfirleitt.

Drögum nú saman afstöðu Kína til baráttunnar í Mið-Austurlöndum:

• Kína styður afdráttarlaust Arabaríkin í baráttu þeirra við síonismann og heimsvaldastefnuna fyrir óháðri þjóðlegri þróun.

• Kína hvetur Arabalöndin til þess að frelsa sig undan heimsvaldastefnunni og auka í staðinn samskipti sín við lönd "þriðja heimsins".

• Kína álítur, að Arabalöndin eigi að treysta á eigin krafta og að aðeins langvarandi alþýðustríð geti leitt til raunverulegs sigurs.

• Kína hvetur stjórnir Arabalandanna til þess að berjast afdráttarlaust gegn heimsvaldastefnunni allt til að fullnaðarsigur hefur náðst.

BYLTINGARÖFLIN STYRKJA STÖÐU SÍNA.

Þessi pólitík er byggð á réttri túlkun á því sögulega tímabili, sem við lifum á í dag, tímabili sósíalísku byltinganna og hinnar rotnandi og deyjandi heimsvaldastefnu. Tímabili, þegar allar þjóðlegar byltingar, sem beint er gegn heimsvaldastefnunni, eru liðir í sósíalísku heimsbyltingunni og hljóta að þróast áfram til sósíalísma líkt og í Kína, Norður-Kóreu og Norður-Víetnam.

Það er samkvæmt þessari staðreynd sem hið sósíalíska Kína tekur afstöðu til baráttunnar í Mið-Austurlöndum. Kína styður heilshugar palestínsku frelsishreyfinguna og önnur byltingaröfl meðal Araba. En á sama tíma styður Kína einnig viss Arabaríki, þrátt fyrir borgaralegar stjórnir, á grundvelli þeirrar andstöðu, sem þær veita heimsvaldastefnunni, bæði þeirri bandarísku og sovésku.

Samstaða Kína með "þriðja heiminum" stuðlar að því að frelsa hann undan heimsvaldastefnunni. Þannig var stríð Egyptalands og Sýrlands gegn Ísrael barátta við heimsvaldastefnuna í Mið-Austurlöndum og einnig skref til aukins þjóðlegs sjálfstæðis. Þessvegna höfðu þau heilshugar stuðning Kína í baráttunni.

Á hvern hátt stuðlar aukið sjálfstæði "þriðja heimsins" að sósíalísku heimsbyltingunni? :

• Framleiðslan -og þar með verkalýðsstéttin- margfaldast. Skilyrði fyrir byltingunni skapast.

• Hin þjóðlega þróun ýtir undir pólitíska skipulagninu alþýðunnar. Skilyrði fyrir byltinguna skapast.

• Styrkur heimsvaldastefnunnar minnkar með því að möguleikar til að nýta auðlindir, flytja út fjármagn og arðræna þannig og kúga alþýðu landanna minnka.

• Færri markaðir ýta undir móthverfuna milli heimsvaldalandanna.

• Frelsisbarátta kúguðu landanna þýðir, að heimsvaldastefnan verður að tvístra kröftum sínum meir en ella og getur því ekki einbeitt sér eins vel að baráttunni gegn sósíalísku ríkjunum.

Svona mætti lengi telja .

Utanríkisstefna Kína, og þar með stefna Kína í Mið-Austurlöndum, byggist á því að styrkja byltingaröflin. Þess vegna styður það þjóðfrelsishreyfingu Palestínuaraba. En í og með reynir Kína einnig að framfylgja þeirri stefnu, sem stuðlar að eflingu framsæknu hliðar þjóðlegu borgaranna, sem berst gegn heimsvaldastefnunni.

Þessi lína er í algerri mótsögn við heimsvaldastefnu stórveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, og stuðlar að stórkostlegri pólitískri vakningu kúgaðrar alþýðu "þriðja heimsins" og skipulagningar hennar á grundvelli þjóðfrelsisbaráttunnar og nýlýðræðislegu byltingarinnar.

HG

STÉTTSVIKARARNIR ÞORÐU EKKI... FRAMHALD AF FORSÍÐU

um byltingarsinnaða pólitík KSML og baráttuna fyrir uppbyggingu kommúnistaflokks sem höfuðverkefni íslenskra öreiga í dag.

Síðara erindið flutti Gústaf A. Skúlason verkamaður, félagi í Skipulagsnefnd miðstjórnar. Hann ræddi um þróun verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi og aðferðir borgarastéttarinnar til að vinna bug á samtökum verkalýðsins, fagfélagslegum sem pólitískum, þar sem sú hættulegasta er að vinna vígið innan frá, en það þýðir að fulltrúar borgarastéttarinnar greiða götu borgaralegra hugmynda og reyna að berja niður byltingarsinnaða pólitík öreigastéttarinnar innan samtaka hennar, eins og í reynd tókst með gamla KFÍ.

Síðan ræddi hann ástandið í dag og þær þrjár stéttarlegu hreyfingar, sem að verki væru innan verkalýðshreyfingarinnar og sýndi fram á hvernig sósíaldemókratarnir í verkalýðsforystunni og borgaralega verkalýðsflokknum, Alþýðubandalaginu, gengju fullkomlega erinda borgarastéttarinnar innan verkalýðshreyfingarinnar, og hvernig smáborgararnir í Fylkingunni og Sósíalistafélagi Reykjavíkur eru aðeins vinstri vængurinn á endurbótasinnunum með boðun kenningarinnar um að gera verkalýðsfélögin að baráttutækjum.

Að lokum benti hann á, að höfuðnauðsynin fyrir verkalýðsstéttina í dag væri að byggja upp eigin byltingarflokk, að setja leið stéttabaráttunnar, leið byltingarinnar í fyrirrúm allrar starfsemi verkalýðshreyfingarinnar, því það væri skilyrði fyrir sigursælli þróun byltingarinnar.

Smáborg-ARA þáttur trausta.

Að loknum framsöguerindunum, sem mjög góður rómur var gerður á, fóru fram almennar umræður og fyrirspurnir. M.a. tóku til máls félagarnir Hjálmtýr Heiðdal og Kristján Guðlaugsson og einn útsendur fulltrúi Fylkingarinnar, Ari Trausti.

Sú pólitík, sem þessi smáborgari færði fram, var ómenguð endurbótastefna og ökónómismi. Hann vísaði marxismanum gersamlega á bug og sagði verkafólk almennt vera svo borgaralegt og þekkingarsnautt, að það hefði ekkert upp á sig að tala við það um sósíalismann og byltinguna.

Hans stefna var sú, að leiðin að öreigastéttinni væri í gegnum kjarabaráttu og umbótapólitík, sósíalíska byltingin væri svo fjarlægt markmið.

Hann reyndi að afneita starfi "Baráttuhóps verkafólks" sem starfi á vegum Fylkingarinnar, þegar vitnað var í dreifibréf frá "baráttuhópnum", en sagði þetta vera hóp "faglega stéttvísra" (! ?) verkamanna, sem hefði ekkert með Fylkinguna að gera, hvork pólitískt né skipulagslega. Síðan kom í ljós, að þessi hópur starfar á vegum Fylkingarinnar og hefur nákvæmlega sömu pólitík. Ari viðurkenndi, að Fylkingarmeðlimir væru í hópnum og einnig upplýstist, að skipulagshliðin var öll Fylkingarinnar (gefið upp símanr. Fylkingarinnar í dreifiritinu og er hringt var í númerið var vísað á Guðmund Hallvarðsson, Fylkingarmeðlim, sem hefði með þetta að gera).

Ari reyndi þarna að bera blak af Jóni Ásgeirssyni, hinum fallna formanni Einingar, á þeirri forsendu, að hann hefði andstæða pólitík við ASÍ-forystuna, en í reynd er þessi Alþýðubandalagskrati aðeins róttækari í endurbótum sínum en ASÍ-forystan - þar er um engan grundvallarágreining að ræða.

Í sínum málflutningi réðst Ari einnig á KSML og sagði þau vera einangrunarsinnuð samtök (vegna byltingarpólitíkur sinnar) og tók undir með kór borgaranna um að KSML væru að kljúfa verkalýðinn. Ari kallar það að kljúfa verkalýðinn að færa fram staðfasta, grundvallarlega pólitík fyrir hagsmuni öreigastéttarinnar! En í hverju stendur hann sjálfur? Það er einmitt hann sjálfur með sinni smáborgaralegu pólitík, sem vinnur að klofningi meðal öreiganna og framlengingu neyðar þeirra, með því að upphefja faglegu baráttuna, en skjóta kommúnísku pólitíkinni út í myrkrið.

Betri lýsingu á pólitík Ara er ekki hægt að gefa en þá, sem félagi Kristján Guðlaugsson kom með strax á eftir að Ari hafði lokið máli sínu. Hann sagði, að í raun og veru mætti orða kjarnann í pólitík Ara, sem tók hann svo langan tíma að koma frá sér, í einni setningu: "Hreyfingin allt - markmiðið ekkert".

VEL HEPPNAÐUR FUNDUR.

Að loknum umræðum og fyrirspurnum var borin upp ályktun, sem lá fyrir fundinum og var hún samþykkt. (birt hér til hliðar). Síðan var fundi slitið með því að fundarmenn sungu alþjóðasöng verkalýðsins. Fundarstjóri hvatti menn til að láta skrá sig í stuðningsstarf samtakanna, einnig var bókaborð í anddyrinu, þar sem allt útgáfuefni samtakanna var á boðstólum. Fimm manns tóku áskoruninni um stuðningsstarfið. Rúmlega fimm þús. kr. söfnuðust í baráttusjóð KSML og salan af bókaborðinu gekk mjög vel.

Þessi fyrsti opinberi fundur á vegum KSML í Reykjavík heppnaðist sérstaklega vel. Byltingarsinnuð pólitík kommúnistanna hafði algera yfirburði á fundinum og greinilega kom í ljós skýr munur á henni annars vegar og smáborgaralegri pólitík Fylkingarinnar hins vegar. Fundur þessi var einnig þáttur í reynslu fyrir félaga KSML sem áróðursform fyrir útbreiðslu kommúnismans. Hann hafði hvetjandi áhrif til frekari beitingar þessa forms og innan skamms munu KSML halda opinn fund um sósíalismann í heiminum og þá sérstaklega Albaníu, þar sem félagar, er fóru til Albaníu á s.l. ári, munu flytja erindi, sýna myndir og svara fyrirspurnum um verkalýðsríkið þar.

ss

STÉTTABARÁTTAN Í HEIMINUM

Harðnandi stéttabarátta í Bólivíu

Alþýða Bólivíu hefur aukið andstöðu sína gegn Branzer-herforingjaklíkunni, sem ríkir í landinu með beinum stuðningi USA-heimsvaldasinnana. Nýlega urðu hörð átök milli verkamanna og bænda annarsvegar og lögreglusveita herforingjaklíkunnar hinsvegar. Átökin í Bólivíu nú eru afleiðing díalektískrar þróunar lífsins, dýpkandi mótsetningar milli launavinnu og auðmagns og pólitískrar vakningar meðal fjöldans. Andstaða alþýðunnar gegn núverandi stjórn landsins hefur aukist vegna þess, að herforingjaklíkan (sem hrifsaði til sín völdin í ágúst 1971) hefur afhent erlendum auðhringjum aftur fyrirtæki, sem búið var að þjóðnýta af Torres-stjórninni. Í stéttaátökunum sem urðu nýlega féllu sex bændur og þrír verkamenn, auk þess særðust margir tugir. Nú eru um tvö þúsund pólitískir fangar í landinu.

Tilraunir USA-heimsvaldasinnana og leppa þeirra til þess að brjóta á bak aftur baráttu alþýðunnar eru dæmdar til að mistakast. Undir leiðsögn Kommúnistaflokks Bólivíu, marxista -lenínista mun alþýðan sækja fram. Herforingjaklíkurnar eru á fallanda fæti. 1972 var skipt átta sinnum um stjórn. Vopn frá Bandaríkjunum streyma inn í landið til stuðnings herforingjunum, en það eru tómar skottulækningar á hinni rotnu fasistaklíku, sem berst við að halda sér á floti þegar öldur stéttabaráttunnar rísa.

(Frá Fréttastofu Albaníu, ATSH)

Meir en 15000 sovéskir gyðingar hafa flust til Ísrael frá því í október '73

(Tirana, 2. febr. ATSH) Árásir síonistanna (í október) á Arabaríkin hafa orðið til þess að auka hernaðarhjálp USA-heimsvaldasinnana við Ísrael. Einnig hafa sósíalheimsvaldasinnarnir í Kreml aukið aðstoð sína við síonismann með því að fjölga útflytjendum til Ísrael. Aðstoð sósíalheimsvaldasinnana, einmitt á þeim tíma þegar hernaðarvél síonismans þurfti á auknum mannskap að halda, hefur vakið mikla ánægju í Washington og Tel Aviv. Þessi ánægja kom nýlega fram í yfirlýsingu formanns ísraelsku innflytjendaskrifstofunnar, þegar hann sagði frá hinni "ánægjulegu" staðreynd, að "eftir upphaf októberstríðsins á s.l. ári hafi meir en 15.000 Gyðingar flust til Ísrael, þrátt fyrir það að stríðið var í fullum gangi"; hann benti einnig á, að "4200 Gyðingar komu frá Sovétríkjunum, bara í október."

Baráttan harðnar í Afríku

Síðasta ár var ár áframhaldandi sigra í baráttu afríkönsku alþýðunnar fyrir frelsi sínu. Barátta hennar gegn heimsvaldastefnu, gamalli og nýrri nýlendustefnu og kynþáttamisrétti harðnaði. 1973 var ár vopnaðrar baráttu gegn kúgunaröflunum í Afríku.

Auk Gíneu-Bissá í Vestur-Afríku átti vopnaða baráttan sér einkum stað á svæðunum í suðri, s.s. Angóla, Mósambik, Ródesíu og Namibíu.


Einn stærsti atburðurinn í þjóðfrelsisbaráttunni á árinu var stofnun lýðveldisins Gínea-Bissá 24. september, sem hefur verið viðurkennt af fjölda landa. Allt frá 1908 hefur alþýðan þar háð margar vopnaðar uppreisnir á hinum ýmsu tímum. Eftir áratugs hetjulega baráttu hafa þjóðfrelsisherirnir nú frelsað nálega tvo þriðju af landi sínu og meira en helming íbúanna. Og þeir halda baráttunni áfram. Takmarkið er að þurrka út portúgölsku nýlendusinnana í eitt skipti fyrir öll.

Í Suðaustur-Afríku er Mósambik, þar sem alþýðan á að baki sér langa sögu þjáningarfullrar áþjánar og kúgunar af hálfu portúgölsku nýlendusinnana. Kúgararnir hafa framkvæmt þar margsinnis fjöldahandtökur og fjöldamorð. 16. desember 1972 sendu portúgölsku yfirvöldin hersveitir til þorpsins Wiriyamu í norðurhluta Mósambik, þar sem þær slátruðu yfir 400 íbúum, þeirra á meðal konum og börnum. Þetta ódæðisverk vakti upp mótmæli um allan heim. En samt vakti það miklu meiri andstöðu meðal hinnar hetjulegu mósambísku alþýðu. Sá neisti vopnaðrar baráttu, sem vakinn var fyrir níu árum hefur nú breyst í sk´ðlogandi eld, sem brenna mun kúgarana upp til agna. Styrkur föðurlandsherjanna vex stöðugt og á síðasta ári létu þeir mikið til sín taka í sex af níu héruðum landsins.

Í Angóla, sem er undir stjórn Portúgala, hefur þjóðfrelsisbaráttan staðið í 12 ár. Föðurlandsherirnir, sem gengið hafa í gegnum fórnir og erfiðleika langvinnrar og harðrar baráttu hafa aukist að styrk með degi hverjum. Í dag hafa þeir frelsað einn þriðja af landi sínu og heyja vopnaða baráttu í tíu af fimmtán héruðum landsins.

Alþýðan í Ródesíu hóf vopnaða baráttu árið 1966 gegn kynþáttamisrétti og kúgun fasísku yfirstéttarinnar. Í þessari baráttu hefur alþýðan notfært sér þá miklu reynslu, sem hún hafði aflað sér af margra ára pólitískum og hernaðarlegum undirbúningi. Í lok 1972 fóru fyrstu skæruliðasveitirnar af stað. Aðgerðir skæruliðanna ná yfir stöðugt stærra svæði.

Í Namibíu (Suðvestur-Afríku) hófst vopnuð barátta gegn suður-afrísku fasistakúguninni fyrir sjö árum. Þar hafa alþýðuherirnir stöðugt eflst. Vopnaða baráttan er í dag að færast frá landamærahéruðunum til miðsvæðanna, og stjórn Suður-Afríku yfir landinu verður stöðugt meiri hætta búin.



Ártölin sýna þann tíma er vopnuð barátta alþýðunnar hófst í hinum ýmsu löndum Afríku.

Vöxtur þjóðfrelsisbaráttunnar í Afríku sýnir og sannar, að höfuðhreyfingin í heiminum í dag er bylting. Kúguð alþýða um allan heim rís upp og krefst frelsis undan fjötrum arðráns og kúgunar. Hvort sem það tekur lengri eða skemmri tíma, þá mun völdum heimsvalda- og nýlenduríkjanna verða hrundið af vopnaðri alþýðunni. Ódæðisverk heimsvaldasinnana og nýlenduherrana á afrískri alþýðu í dag eru aðeins fjörbrot til að fresta óumflýjanlegum örlögum.

(Úr Peking Review)

VARIÐ LAND:

STUÐNINGUR VIÐ GLÆPAVERK HEIMSVALDASTEFNUNNAR

Undanfarna mánuði hefur hugmyndaleg hervæðing íslensku borgarastéttarinnar riðið húsum í formi fyrirbrigðis er nefnist "Varið land". Einokunarkapítalistar SÍS og SH hafa snúið bökum saman í áróðursherferð til stuðnings hinni rotnu og deyjandi heimsvaldastefnu, í þeim tilgangi að herða baráttuna gegn sósíalismanum og vinna gegn vaknandi andstöðu íslensks verkalýðs við morðverk borgarastétta NATO og þá sérstaklega þeirrar bandarísku.



Eitt fórnarlamb illvirkja heimsvaldastefnunnar í Víetnam. Íslensku heimsvaldaborgararnir lýsa yfir fullum stuðningi við hryðjuverk hennar um allan heim.

Undirskriftasöfnunin sýnir, að borgarastéttin vígbýst nú hugmyndafræðilega fyrir komandi kreppu. Með skefjalausum andbyltingaráróðri, lýðskrumi og lygum um sósíalismann hyggjast þessir bandamenn kúgunar og óréttlætis í heiminum bæla niður aðvífandi byltingaröldu og frelsisbaráttu verkalýðsfjöldans.

Þau fórnarlömb lýðskrums ísl. heimsvaldasinnanna, sem tekið hafa þátt í undirskriftasöfnun "Varins lands", hafa meðvitað eða ómeðvitað skrifað undir beinan stuðning við arðráns- og kúgunarskipulag einokunarauðvaldsins. Þau hafa skrifað undir stuðning við öll þau ódæðisverk og glæpi, sem auðvaldið fremur dag hvern í heiminum; stuðning við styrjaldir og kreppur sem eru óumflýjanlegir fylginautar heimsvaldastefnunnar.

Kommúnistar líta á undirskriftasöfnun "Varins lands" út frá stéttarlegu samhengi; að hún sé merki um vaxandi hugmyndafræðilegan undirbúning borgarastéttarinnar fyrir kreppuna. En slíkan skilning hafa hækjurnar í borgaralega verkalýðsflokknum, Alþýðubandalaginu, ekki. Þeir sjá málið aðeins þjóðernislega, loftfullir af þjóðrembing, og streitast eins og rjúpan við staurinn, með "baráttuvígorðið" "hreint land, fagurt land". Slíkur þjóðrembingsáróður þjónar aðeins auðvaldinu og hylur stéttaandstæður þjóðfélagsins.

En heimsvaldastefnan er rotnandi og deyjandi, hún er pappírstígrisdýr gagnvart reginafli hins byltingarsinnaða verkalýðs. Höfuðhreyfingin í heiminum í dag er bylting, og hvorki undirskriftasafnanir né nokkrar aðrar athafnir heimsvaldasinnanna verða þess megnugar að hindra sigurför byltingarinnar um heim allan.

MVS



Óhugnaður heimsvaldastefnunnar í verki. Suður-víetnamskir hermenn safna höfðum landa sinna, sem hafa verið myrtir í frelsisbaráttu þjóðar sinnar undan kúgun bandarískra heimsvaldasinna og leppa þeirra í Saigon.

KJARASKERÐING... FRH. AF FORSÍÐU

hafa þokast til um rúmlega 1%. VSÍ lagði til að samið yrði um 7% núna, 3% í desember og 3% í júní 1975. Það var líka með ráðum gert þegar ASÍ-forystan frestaði verkfallinu um viku til að gefa atvinnurekendum sem lengstan frest til að bjarga gróðanum af loðnunni. (Þess má geta, að forystan veitti leyfi til að byrja að landa loðnunni aftur eftir verkfalla áður en verkamenn höfðu verið spurðir álits á samningunum). Það að ASÍ-forystan skyldi nokkurn tíma lýsa yfir verkfalli eftir 4. mánaða makk og það 3 dögum áður en búist var við að samið yrði, sýnir okkur að hún hafði aðeins tvennt í hyggju, annars vegar að bjarga andlitinu gagnvart verkamönnum en hins vegar til að "sýna" verkamönnum, að hún væri "hörð í horn að taka" þrátt fyrir að flokksbræður þeirra sæju nú um stjórnsýslu borgaranna.

Samningarnir, sem látið er heita að séu milli verkalýðsins og auðvaldsins eru í raun og veru milli ASÍ-forystunnar sem er uppkeyptur skríll og auðvaldsins sem alltaf fer með óskertan hlut frá borði við hverja samninga.

Hvað ber verkamönnum að gera til að skipuleggja sig í kjarabaráttunni?

Augljóst er af margra ára reynslu af svikastarfsemi ASÍ-forystunnar, að verkamenn geta ekki treyst henni, hún hefur svikið okkur aftur með þessum samningum, sem hér liggja fyrir í dag og mun halda því áfram svo lengi sem við leggju traust okkar á hana. Þess vegna verðum við að skipuleggja okkur sjálfstætt, ekki bara gegn auðvaldinu heldur einnig gegn þjónum þess í forystu verkalýðs-

NOKKRAR STAÐREYNDIR

Kjaraskerðingin á fyrra samningstímabili:
Laun samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar hafa hækkað að krónutölu um 60% samtímis því sem vöruverð á nauðsynjum hefur hækkað um allt að 100%. Að vísu hafa borgararnir gramsað mjög í fjölskyldubótum o.þ.h. "til hagsbóta fyrir verkalýðinn", en þegar betur er að gáð, kemur í ljós, að aðeins er tekið úr vinstrivasanum og sett í þann hægri.

Samningarnir nú:
Boðuð er launahækkun upp á 8% plús 1200 kr. strax, síðan 3% 1. desember 1974 og önnur 3% 1. júní 1975. Sé miðað við reynslu síðasta árs, þegar verð á nauðsynjavörum hækkaði um tæp 40% og kaup aðeins um hálft 23. %, (þar af var launahækkun samkvæmt samningunum 1971 3%), sést að á næstu tveimur árum mun kjaraskerðingin verða gífurleg.



Þessi mynd var tekin 25. október ´73 á fyrsta "samningafundi" ASÍ-VSÍ. Eðvarð Sigurðsson ræðir hér við Jón H. Bergs um framkvæmd sýndarleiksins.

hreyfingarinnar. Við verðum að viðurkenna að kjarabarátta mun aldrei leiða til frelsis undan arðráninu. Um það vitnar nær 60 ára saga verkalýðshreyfingarinnar. Við sérhvert verkfall og sérhverjar kjarabætur hefur auðvaldið ávallt hrifsað ávinninginn til sín aftur með ótal ráðum, vöruverðshækkun, skattahækkun o.s.frv. o.s.frv.

Verkamenn, hversu lengi eigum við að beygja okkur undir launaþrælkunarklafann, hversu lengi eigum við að sitja aðgerðarlausir á meðan "forystan" sem löngu er uppkeypt af auðvaldinu, semur um launalækkun okkur til handa? Hversu lengi eigum við, sem vinnum allt en eigum ekkert nema launin okkar, að þræla fyrir auðvaldið sem vinnur aldrei handtak en á alla skapaða hluti þessa þjóðfélags? Við verðum að bindast samtökum um að kasta af okkur oki launavinnunnar og skapa þjóðfélag þar sem við erum herrar í eigin húsi. Við verðum að ganga lengra en bara semja við óvini okkar - við verðum að uppræta forsendurnar fyrir sníkjulífi þeirra á verkalýðnum, við verðum að uppræta arðránsþjóðfélag auðvaldsins. Að takast slíkt á hendur er ekki auðvelt verk og krefst geysilegrar vinnu og þolinmæði, og það sem meira er, það verður aldrei framkvæmt án þess að meðvituðustu verkamennirnir á meðal okkar bindist kommúnískum byltingarsamtökum og starfi markvisst að því að byggja upp það vopn sem við getum beitt gegn auðvaldsþjóðfélaginu - kommúnistaflokk.

Við verðum að kynna okkur þá reynslu, sem verkamenn í öðrum löndum hafa öðlast í baráttunni gegn auðvaldi heimalands síns og þá fyrst og fremst þar sem öreigastéttin hefur tekið öll pólitísk völd þjóðfélagsins í sínar hendur í vopnaðri byltingu. Við verðum að fylgja því fordæmi sem rússneski verkalýðurinn gaf í október 1917, þegar hann steypti rússneska auðvaldinu, undir forystu bolsévíka.

Við viðurkennum, að kjarabaráttan er nauðsynleg og óhjákvæmileg sem varnarbarátta gegn launalækkunum auðvaldsins, að baráttan fyrir slíkum umbótum sem gerir okkur auðveldara að stunda pólitíska starfsemi og bætir aðstöðu okkar til afskipta af stjórnmálum, er mikilsverð. En við megum aldrei gleyma því, að slík barátta getur aldrei leitt okkur undan oki launaþrældómsins, heldur verður hún alltaf hjáverk byltingarstarfsins.

Við viðurkennum réttmæti hagsmunabaráttunnar svo fremi sem hún þjónar byltingarsinnuðum markmiðum verkalýðsins með því að gera honum auðveldara að starfa pólitískt. En kjarabaráttan getur aldrei leitt til frelsis ein saman - til þess þarf byltingarstarf. Þess vegna verðum við að setja fram vígorðin:

LIFI SÓSÍALISMINN - NIÐUR MEÐ AUÐVALDSSKIPULAGIÐ! og

LIFI BARÁTTAN FYRIR KOMMÚNÍSKUM BYLTINGARFLOKKI!

Reitur til áskriftarmerkingar.



Framvegis verður lausasöluverð kr. 40 á 8 síðna blað og 30 kr. á 4 síðna blað. Áskriftagjöldin hækka vegna aukins kostnaðar við útgáfuna, en einnig er um hækkun að ræða sökum aukinna útgáfutíðni, þ.e. 12 blöð á ári í stað 8.

Áskriftagjöldin verða því sem hér segir:

Venjuleg áskrift	400.oo
Stuðningsáskrift	600.oo
Baráttuáskrift	800.oo

Ennfremur verður tekin upp sú nýbreytni að bjóða hálfsársáskrift að Stéttabaráttunni:

Venjuleg áskrift	250.oo
Stuðningsáskrift	350.oo
Baráttuáskrift	500.oo

Skrifið til KSML, Pósthólf 1357, Reykjavík.

Áskrifendur, sem eru búsettir utanlands eða út á landi, verða rukkaðir með póstkröfu í Febrúar ´74 (með 2. tbl.).

KAUPLÆKKUN FRH. AF FORSÍÐU

ekki hafi verið unnt að ná lengra, án þess að til alvarlegra aðgerða drægi." (undirstr. okkar).

Það er ljóst, að stéttsvikararnir í verkalýðs"forystunni" vilja fyrir alla muni ekki styggja kapítalistana - þeirra hagur verður ávallt að sitja í fyrirrúmi! Með öllum ráðum skal reynt að koma í veg fyrir verkfall, slíkt gæti valdið arðræningjunum óþægindum. Enda er það svo, að verkfallsvopninu hefur beinlínis verið stolið af verkamönnunum í Straumsvík, með samþykki "forystunnar" að sjálfsögðu, eins og áður hefur verið bent á hér í Stéttabaráttunni.

Uppsagnarákvæðin ógild, þegar offramleiðslukreppan skellur á.

Eitt er það atriði í kjarasamningunum, sem vert er að veita athygli. Það hljóðar svona:

"ÍSAL getur tilkynnt rekstrarstöðvun v/hráefnisskorts með 1 1/2 mán. fyrirvara og gilda þá ekki uppsagnarákvæði."
(okkar undirstr.)

Í Vestur-Evrópu hefur, eins og kunnugt er, fjölmörgum verksmiðjum verið lokað og verkafólki verið sagt upp vinnu þúsundum og jafnvel milljónum saman vegna þess, að sögn fjölmiðla borgarastéttarinnar, að olíu skorti til að halda framleiðslunni gangandi. Það hefur hins vegar komið æ betur í ljós, að hér er ekkert annað en enn ein lygi auðvaldsins á ferðinni; atvinnuleysið í V-Evrópu stafar af því að of mikið er til af olíu, en olíuauðhringarnir bíða þess eins, að verðið á olíunni hækki til muna, svo þeir geti haldið áfram að seðja gróðafíkn sína.

Nú ætla einokunarkapítalistarnir hjá Swiss Aluminium að tryggja sig gegn væntanlegri offramleiðslu á áli og verðlækkun samfara því með því að grípa til lyginnar um hráefnisskortinn og segja þeim verkamönnum upp, sem þeir hafa ekki not fyrir, með því að fella 3ja mán. uppsagnarfrest fastra starfsmanna úr gildi. Enn ein tilraunin hjá borgarastéttinni til að velta byrðum kreppunnar yfir á herðar verkalýðsins!

Hundsum sósíaldemókratana í verkalýðs"forystunni"!

Sú verkfallsboðun, sem samþykkt var af hálfu verk amannanna í álverinu og áður er minnst á og var að vissu marki beint gegn forystusauðum verkalýðsfélaganna, bar í raun og veru engan árangur, vegna þess að hér var aðeins um þrýstingsaðgerð að ræða. Það dugir nefnilega engan veginn að þrýsta á verkalýðs"forystuna", því hún hefur margsannað svik sín við verkalýðinn. Kjarabaráttan mun engan árangur bera nema verkamennirnir taki málin í eigin hendur og hundsi kratana í verkalýðs"forystunni".

KSML/Straumsvík.

MENNINGARBYLTING Í KÍNA?

STÉTTABARÁTTAN Í SÓSÍALISMANUM

Dularfullar sögusagnir hafa undanfarið gengið ljósum logum í borgaralegum fjölmiðlum um að ný menningarbylting sé hafi í Kína, persónuleg valdabarátta og hreinsanir eigi sér stað innan Kommúnistaflokksins o.s. frv. Borgararnir reyna eins og ætíð að rangfæra ástandið í sósíalísku ríkjunum og reka lygaáróður gegn þeim. En hver er sannleikurinn um ástandið innan Kommúnistaflokks Kína?

Maó Tsetung sagði:

"Utan flokksins eru aðrir flokkar, innan hans eru klíkumyndanir; þetta hefur ætíð verið svo."

Stéttabaráttan innan kommúnistaflokksins er óumflýjanleg og stöðugt fyrir hendi. Kommúnistaflokkur Kína er ekki undanskilinn þessu lögmáli. Innan hans hafa átt sér stað 10 meiriháttar uppgjör við hægri- og vinstrihentistefnu, sem unnið hefur gegn flokknum og kommúnismanum. Á 10. landsþingi flokksins, sem haldið var síðastliðið sumar, var opinberlega gert upp við hægritækifærisstefnu og andbyltingarstarfsemi Lin Píaós og fylgismanna hans, sem stefnt höfðu að því að kollvarpa alræði öreiganna og koma á ný kúgunarskipulagi borgarastéttarinnar.

Af þessum rótum er runnin sú gagnrýnisherferð, sem á sér stað meðal kínverskrar alþýðu í dag að frumkvæði Kommúnistaflokksins; gagnrýnisherferð gegn öllum rotnum hugmyndum afturhalds og hentistefnu, sem viðhaldast meðal þjóðarinnar.



Verkafólk við Alþýðuprentsmiðjuna í Peking skrifar gagnrýni á kenningar Konfúsíusar á töfluna.

Sú hreyfing, sem borgaralegir lygameistarar og slúðurhænur kalla valdastreitu milli metorðagjarnra valdamanna, er í raun víðtæk hreyfing alls alþýðufjöldans til baráttu fyrir framþróun hins sósíalíska þjóðfélags og útrýmingar hinum borgaralega hugsunarhætti. Alþýðan hefur sameinast við kall Kommúnistaflokksins, til fjöldagagnrýni á hentistefnuhugmyndir Lin Píaós og annarra valdastritara í flokknum, og afturhalds- og kúgunarheimspeki aðdáanda þrælaskipulagsins, Konfúsíusar. Þessi byltingarhreyfing alþýðunnar hefur komið fram, jafn í gagngjöru námi og rannsóknum, sem og kollvörpun þeirra valdamanna, sem aðhyllst hafa kenningar afturhaldsins. Alþýðan sækir fram til kommúnismans og til þess fer hún leið baráttunnar; baráttu gegn hinu rotna og afturhaldssama. Miskunnarlaus barátta á öllum sviðum er eina leiðin að hinu sögulega markmiði, hinu stéttlausa þjóðfélagi. Slík eru viðhorf kínverskra kommúnista og alþýðu.

MVS